

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

Ytra mat á vorönn 2022



Unnið fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið

Hjördís Þorgeirsdóttir og Sigurborg Matthíasdóttir

Ytra mat á Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu vorönn 2022

Skýrsla unnin fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið

Hjördís Þorgeirsdóttir

Sigurborg Matthíasdóttir

Forsíðumynd: Fengin af heimasíðu mennta- og barnamálaráðuneytis

ISBN 978-9979-0-2803-1

Heildarniðurstöður

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) var stofnaður árið 1987 af ríkinu og sveitarfélögum í Austur-Skaftafellssýslu. Skólinn er áfangaskóli með tveimur námsönnum á ári. Í boði er fjölbreytt nám, þriggja ára nám til stúdentsprófs á þremur námsbrautum, þ.e. hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámsbraut, vélstjórnarnám, fjallamennskunám, nám á framhaldsskólabraut og starfsbraut. Skólinn er til húsa í Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Alls stunda 194 nemendur nám við skólann, 144 í dagskóla og 50 í fjarnámi. Alls starfa 43 starfsmenn við skólann þar af 34 kennarar.

Skólinn hefur mótað sér stefnu sem er heildstæð og tekur á flestu sem tengist skólastarfi. Auðvelt er að nálgast stefnu skólans á heimasíðu hans.

Stefnumótun fer fram á fleiri en einum vettvangi. Hún fer fram í samstarfi við kennara á hálfsmánaðarlegum kennarafundum þar sem fjallað er um stefnumörkun í starfi skólans og mál sem varða daglega stjórnun m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, skipulag starfstíma skólans, tilhögun prófa og námsmat eins og segir á heimasíðunni. Á faggreinafundum sem haldnir eru reglulega hafa kennarar einnig aðkomu og þar eru m.a. uppgjörsskýrslur til umfjöllunar. Í lok hverrar annar eru svo uppgjörfundir þar sem allir kennarar taka þátt.

Foreldraráð er formlega til við skólann en það er ekki starfandi svo lítið samband er við foreldra og þeir koma ekki að stefnumótun. Erfiðlega hefur gengið að halda úti foreldrafélagi. Finna þarf lausn á því svo foreldrar geti haft áhrif á stefnumótun og skólastarf. Formaður skólanefndar er ánægður með aðkomu skólanefndar að stefnumörkun og telur að nefndin sé vel upplýst um það sem er að gerast í skólanum og um framtíðaráform.

Skólameistari er eini stjórnandinn í fullu starfi. Lítið er til skólameistara sem faglegs leiðtoga og nýtur hann traust og virðingar sem slíkur bæði innan skólans og utan. Skipurit skólans er skýrt og vel fram sett og gefur góða mynd af stjórnskipulagi. Einungis tvö lög eru í skipuritinu auk nemenda. Skólameistari og svo kennarar og aðrir starfsmenn, margir kennarar eru hins vegar verkefnisstjórar yfir ýmsum þáttum skólastarfsins. Í viðtölum kom í ljós að þó áfangastjóri sem jafnframt er staðgengill skólameistara starfi við skólann hafi hann ekki það stjórnunarvald sem hann þyrfti að hafa til þess að ljúka málum. Það gerir það að verkum að hann virkar meira eins og milliliður sem jafnvel tefji úrvinnslu mála þegar hann ætti að geta stigið inn með lausnir. Matsmenn telja að huga þurfi að breytingu á þessu fyrirkomulagi og auka stjórnunarlega ábyrgð áfangastjóra eða ráða aðstoðarskólameistara til skólans.

Aðgengi nemenda að stjórnendum, kennurum og öðrum starfsmönnum er gott og öll samskipti virðast jákvæð og lipur. Starfsánægja og viðhorf til stjórnunar og stjórnenda er mæld árlega í könnuninni *Stofnun ársins*. Niðurstöður síðustu könnunar eru vel ásættanlegar fyrir skólann með einkunn 4,24 af 5 í heildarniðurstöðu sem er nálægt efsta þriðjungi framhaldsskóla í könnuninni. Hæst raðast skólinn í mælingum fyrir sveigjanleika í starfi þar sem hann raðast fjórði af 27 framhaldsskólum en neðst raðast hann númer 20 af 27 framhaldsskóla í þættinum sjálfstæði í starfi. Í mælingu á þessum tveimur þáttum kemur fram þó nokkuð ósamræmi og þegar skoðuð eru vikmörk skólans eru þau mest hjá honum meðal skólanna þetta árið. Í þeim þætti sem snýr að stjórnun er skólinn fyrir miðju þ.e. númer 16 af 27. Þar skorar skólinn 4,16 af 5 mögulegum á meðan hæsta skorið meðal skólanna er 4,82 en það lægsta 3,25. Í viðtölum við nemendur, kennarar og annað starfsfólk kom fram að það er ánægt með stjórnun skólans. Starfsmannaviðtöl fara fram einu sinni á ári. Starfsfólk er ánægt með viðtölin og telur þau nýtast vel.

Innra mat er unnið í anda umbótamiðaðs mats. Á heimasíðu eru góðar upplýsingar um markmið og umfang matsins. Sjálfsmatsáætlun liggur fyrir og þar er tekið á flestum þáttum skólastarfsins. Matið byggir mikið á samræðu starfsmanna og nemenda á skólafundum hvers árs og uppgjörfundum starfsmanna í lok annar.

Matið er því mjög samvinnumiðað og nær að virkja nemendur, kennara og annað starfsfólk í umræðum um hvernig til hefur tekist og hvað má bæta. Nauðsynlegt er að sett séu fram fleiri mælanleg töluleg markmið. Við það verður auðveldara að vinna að umbótaáætlun milli ára.

Stefna skólans er að nám er vinna og gert er ráð fyrir að nemendur í dagskóla stundi námið í skólanum frá kl. 8 til 4 eða 5 á hverjum degi. Vinnan skiptist á milli kennslustunda og verkefnavinnu á lesstofunni. Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennslu- og námsaðferðir og virkni og þátttöku nemenda í námi sínu. Innlögnum kennara í kennslustundum er haldið í lágmarki og kennarar setja frekar stutt kennslumyndbönd á netið sem bæði nemendur í dagskóla og í fjarnámi geta nýtt sér. Áhersla er lögð á að gera sömu námskröfur til allra nemenda og sama kennsluáætlun gildir fyrir nemendur í dagskóla og fjarnámi.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu leggur áherslu á símat og leiðsagnarmat og engin lokapróf eru í skólanum. Markmiðið með námsmati er að nýta fjölbreyttar námsmataðferðir yfir önnina til að fylgjast með hvernig nemendum gengur að ná hæfniviðmiðum einstakra áfanga. Metin eru próf yfir önnina, virkni nemenda bæði í tímum og á lesstofu, verkefni nemenda og lokamati. Lokamatið felst í 15 mínútna viðtali við hvern nemanda í lok annar þar sem gjarnan er samtal um námsferlið og upprifjun á námsefni annarinnar. Kynna mætti kennslufræði skólans betur á heimasíðunni og í tímaritum um menntamáli.

Hátt hlutfall kennara hefur háskólamenntun en marga kennara í hlutastarfi skortir kennsluréttindi sérstaklega sérhæft fólk í fjallamennsku. Finna þarf leið til að bæta úr því.

Skólabragurinn er góður og afslappað yfirbragð yfir öllum, nemendum og starfsfólki. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að bæði nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum. Í viðtölum kom fram að almennt er talið að líðan nemenda sé góð. Námsráðgjafi og stjórnendur telja að vegna smæðar skólans (staðnemenda) hafi þeir góða hugmynd um líðan nemenda dags daglega. Í síðustu könnun Rannsóknar og greiningar á ungu fólki í framhaldsskólum mældist líðan nemenda aðeins verri en í samanburðarskólum. Matsmenn telja því að skólinn þurfi að finna leið til þess að kanna líðan nemenda reglulega með viðurkenndu mælitæki. Nemendur sem það þurfa hafa aðgang að sálfræðingi grunnskólans í samstarfi við sveitarfélagið fái þeir tilvísun frá námsráðgjafa.

Skólinn er til húsa í Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Í því húsnæði eru einnig þekkingarsetrið Nýheimar, Bókasafn Hornafjarðar og Menningarsetur Hornafjarðar. Skólahúsnæðið hefur þjónað skólanum ágætlega síðustu 20 árin en nú er svo komið að skólameistari og starfsfólk telur að húsnæðið sé farið að þrengja mikið að starfsemi skólans. Skólinn þurfi að komast í húsnæði sem hentar starfsemi hans betur með auknu rými og kennsluástöðu sem hönnuð er fyrir nýjar kennsluáðferðir, listnám og nýja námsbraut í fjallamennsku. Í skólanum er mötuneyti sem mikil ánægja er með.

Starfsfólk er ánægt með vinnuástöðu þó þröngt megi sáttir sitja. Fljótt og vel er brugðist við beiðnum um viðbót í tækjum eða lagfæringar á aðstöðu. Skólinn hefur ekki eigið bókasafn en samnýtir Bókasafn Hornafjarðar sem er á neðri hæð skólans. Það bókasafn er vel búið bókum og þar vinnur bókasafnsfræðingur, nemendum og kennurum til aðstoðar. Kennslustofur eru bjartar og ágætlega útbúar.

Brotthvarf hefur minnkað mikið á síðustu árum eða úr 27% skólaárið 2016 til 2017 niður í 10% að meðaltali skólaárið 2020 til 2021. Er það árangur af ýmsum aðgerðum sem skólinn hefur gripið til m.a. með því að bæta umsjónarkerfið og utanumhald með staðnemendum.

Skólinn hefur ekki gert formlegar kannanir á gengi útskrifaðra nemenda skólans í framhaldsnámi og starfi. Skólinn þarf nauðsynlega að bæta sem fyrst úr þessu og gera reglulega könnun sem nái til sem flestra útskrifaðra nemenda.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	2
Efnisyfirlit.....	4
Töflur	6
Myndir	7
Inngangur	8
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	10
Almenn lýsing	10
Námsframboð.....	11
Árlegur starfstími.....	13
Nemendur	14
Kennarar og annað starfsfólk	18
Niðurstöður ytra mats	20
Viðmið og vísbendingar	21
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	21
1.1. Um stefnu og áætlanir.....	21
1.2. Um stjórnendur	22
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	22
1.4. Um innra mat.....	23
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð.....	24
2.1. Um nám og kennslu.....	24
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur	25
2.3. Um námsmat	25
2.4. Um kennara	25
2.5. Um námsgögn.....	26
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	27
3.1. Um skólabrag.....	27
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	27
3.3. Um félagslíf nemenda.....	28
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn	28
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf.....	28
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	29

Þáttur 5: Lykilárangur	30
5.1. Um námsárangur	30
5.2. Um árangur í grunnþáttum	30
5.3. Um langtímaárangur	31
Greinargerð um ytra matið	32
Umfjöllun um stjórnun og skipulag	32
Stefnumótun.....	32
Stjórnskipan og stjórnendur	35
Innra mat	38
Umfjöllun um kennslu og námsframboð.....	41
Nám, kennsla og námsmat	41
Kennarar	45
Námsgögn.....	47
Stuðningur við nemendur.....	48
Umfjöllun um samskipti og líðan.....	50
Skólabragur og líðan.....	50
Félagslíf nemenda.....	51
Önnur samskipti	52
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað.....	54
Húsnæði og búnaður	54
Umfjöllun um lykilárangur.....	57
Námsárangur	57
Grunnþættir menntunar	58
Langtímaárangur	59
Heimildir	61

Tölur

Tafla 1 Skipting nemenda Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á námsbrautir vorönn 2022	11
Tafla 2 Skipting nemenda Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á námsbrautir haust 2017 - 2021 greind eftir kyni.	12
Tafla 3 Fjöldi nemenda við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu 2017 – 2022.	14
Tafla 4 Þróun í innritun nýnema við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu eftir kyni að hausti frá 2017 – 2021.	14
Tafla 5 Fjöldi nemenda á haustönn 2021 og vorönn 2022 eftir aldri og kyni við FAS.	15
Tafla 6 Hvaðan koma nemendur Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu eftir póstnúmerum?	15
Tafla 7 Brotthvarf nemenda í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu haust og vor 2017 – 2021.	16
Tafla 8 Fjöldi brautskráðra nemenda við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu 2017 – 2021 á hverri námsbraut	16
Tafla 9 Viðveruskráning nemenda Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á vor og haust 2021	17
Tafla 10 Fjöldi og stöðugildi starfsfólks Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu eftir kyni vor 2022.	18
Tafla 11 Menntun kennara við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu vorið 2022	19
Tafla 12 Starfsmannavelta Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu 2017 til 2021.	19

Myndir

Mynd 1 Skóladagatal Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu 2021-2022	13
Mynd 2 Skipurit Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu	36
Mynd 3 Námsbrautir Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu	41
Mynd 4 Nemendur og kennarar í fjallamennsku við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu	43
Mynd 5 Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu	47
Mynd 6 Meðaltal einkunna í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu 2016-2021	58

Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á starfsemi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu sem fram fór á vorönn 2022. Matið er liður í eftirliti mennta- og barnamálaráðuneytis með starfsemi framhaldsskóla en Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið. Stofnunin réð Hjördísi Þorgeirsdóttur og Sigurborgu Matthíasdóttur sem matsmenn og eru þær jafnframt höfundar þessarar skýrslu.

Skýrslan skiptist í tvo hluta. Annars vegar eru helstu tölulegu upplýsingar um skólann og hins vegar niðurstöður matsmanna, byggðar á mati á fimm tilgreindum matsþáttum samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um ytra mat á framhaldsskólum frá 2016. Við matið er tekið mið af lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 og reglugerða eftir því sem við á.

Í janúar 2022 sendi Menntamálastofnun Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu bréf um fyrirhugað ytra mat og var honum falið að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af því. Sjálfsmat skólans sem hér er fjallað um byggir á viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis um gæði skólastarfs. Viðmiðin varða fimm þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnað og lykilárangur. Hverjum matsþætti eða hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða. Matsmenn gefa skólanum einkunnir fyrir sömu þætti og birtast þær einnig í niðurstöðum matsins.

Helstu gögn sem notuð voru við ytra matið:

- Tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna. Þar má nefna upplýsingar um nemendur, námsframboð, brotthvarf, brautskráningar, starfsfólk, menntun kennara, starfstíma og ýmsar skýrslur.
- Heimasíða skólans <https://www.fas.is/> var könnuð og þangað sóttar ýmsar upplýsingar og gögn um skipulag skólans og starfsemi hans.
- Vettvangsheimsókn. Gengið um skólahúsnæðið og húsnæði Nýheima þekkingarseturs í fylgd skólameistara.
- Viðtöl voru tekin við skólameistara, kennslustjóra, námsráðgjafa, formann skólanefndar og forstöðumann Nýheima þekkingarsetur.
- Rýnihópaviðtöl voru tekin við kennara, nemendur, starfsfólk sem sinnir skrifstofu, fjármálum kerfisstjórn og mötuneyti, fulltrúa frá Nýheimum þekkingarsetri, fulltrúa kennara og nemendur í fjallamennsku, kennara með umsjón með erlendu samstarfi, kennara í listnámi, formann og

fulltrúa úr stjórn nemendafélags, félagsmálafulltrúa og forvarnarfulltrúa og að lokum við sjálfsmatshóp.

Viðmælendur voru 37 talsins, 21 kona og 16 karlar. Þar af var rætt við tíu nemendur, sex karla og fjórar konur. Viðtölin og rýnihópaviðtölin fóru fram 5. og 6. apríl 2022 í Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma sem byggja á þeim 78 matsþáttum sem sjálfsmat skóla er grundvallað á.

Á grundvelli ofangreindra gagna fór fram greining gagna. Matsmenn gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir niðurstöðum má finna í greinargerð um matið síðar í skýrslunni.

Matsmenn þakka öllum þeim sem tóku þátt í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoðuðu með öðrum hætti við gagnaöflun. Nánari upplýsingar um gögn sem skýrslan byggir á eru í heimildaskrá aftast í matsskýrslunni.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

Almenn lýsing

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) var stofnaður árið 1987 af ríkinu og sveitarfélögum í Austur-Skaftafellssýslu. Skólinn starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Skólinn er áfangaskóli með tveimur námsönnum á ári. Skólinn býður bæði upp á bóknám og starfsnám. Í boði er þriggja ára nám til stúdentsprófs á þremur námsbrautum, þ.e. hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámsbraut, vélstjórnarnám, fjallamenskunám, nám á framhaldsskólabraut og starfsbraut.

Markmið skólans er að þjóna þörfum nemenda á persónulegan hátt með sveigjanlegu og metnaðarfullu námsframboði. Skólinn leggur áherslu á tengsl við nærsamfélagið og náttúru svæðisins í náminu og á að nemendur tileinki sér sjálfstæð, lýðræðisleg og skapandi vinnubrögð. Kjörorð skólans eru: „*Nám er vinna og um leið félagslegt ferli*” og „*Skólinn þjónar þér*”. Áhersla er lögð á að tengja saman hefðbundið nám, nám utan kennslustofunnar t.d. með námsferðum, erlendu samstarfi og rannsóknum á náttúrufari og þátttöku nemenda í félagslífi.

Skólinn er til húsa í Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Alls stunda 194 nemendur nám við skólann, 144 í dagskóla og 50 í fjarnámi. Alls starfa 43 starfsmenn við skólann þar af 34 kennarar. Skólameistari Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu er Eyjólfur Guðmundsson.

Námsframboð

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er með fjölbreytt nám á alls sjö námsbrautum. Þrjár stúdentsbrautir eru þ.e. hug- og félagsvísindabraut, kjörnámsbraut og náttúru- og raunvísindabraut starfsnám á vélstjórnarbraut og í fjallamennsku. á framhaldsskólabraut og starfsbraut. Í töflu 1 má sjá skiptingu nemenda Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á námsbrautir á vorönn 2022. Alls stunda 75 nemendur nám á stúdentsbrautum. Alls eru 64 nemendur í fjallamenskunámi, sex nemendur eru í vélstjórnarnámi, einn í starfsnámi og 35 nemendur eru í námi án þess að námsbraut sé tilgreind og skýringin á því er að flestir þessa nemenda eru í fjarnámi í einum til tveimur áföngum í skólanum.

Tafla 1 Skipting nemenda Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á námsbrautir vorönn 2022

Námsbrautir	Vorönn 2022
Grunnskólanemar	2
Fjallamenskunám	64
Framhaldsskólabraut	13
Hug- og félagsvísindabraut	25
Kjörnámsbraut	44
Náttúru- og raunvísindabraut	6
Ótilgreint nám	33
Starfsbraut	1
Vélstjórnarbraut A	6
Alls	194

Tafla 2 sýnir skiptingu nemenda Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á námsbrautir 2017 til 2022 eftir kyni. Þar sjáum við dæmi um hefðbunda kynjaskiptingu eftir námsbrautum þ.e. eingöngu karlar í vélstjórnarnámi og karlar í meirihluta á náttúru- og raunvísindabraut og konur í meirihluta á hug- og félagsvísindabraut. Undantekning frá þessari kynjaskiptingu er fjallamenskunámið er þar er kynjaskipting nokkuð jöfn.

Tafla 2 Skipting nemenda Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á námsbrautir haust 2017 - 2021 greind eftir kyni.

Námsbrautir	2017		2018		2019		2020		2021		2022	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Grunnskólanemar	2	4	1	2	1		2		2		2	
Fjallamennskunám	5	1	3	2	6	2	10	8	29	31	30	34
Framhaldsskólabraut	17	5	10	5	5	8	5	7	8	11	3	10
Fiskvinnslubraut	5	4	3	2		1						
Hug- og félagsvísindabraut	8	30	5	23	2	18	1	17	6	22	4	21
Kjörnámsbraut	17	10	24	12	26	9	18	14	21	25	24	20
Náttúru- og raunvísindabraut	13	8	15	9	10	9	7	10	5	8	3	3
Ótilgreint nám	11	22	23	34	16	27	19	14	18	19	13	20
Starfsbraut 1 og 2		1		1		1		1	1		1	
Tækniteiknun	1	4	1	1								
Viðbótarnám til stúdentsprófs		1		1		1						
Vélstjórnarbraut A	6		5		8		11		11		6	
Lyfjatæknibraut				2		3						

Árlegur starfstími

Starfstími Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu skólaárið 2021-2022 er frá 18. ágúst 2021 til 25. maí 2022, sjá mynd 1. Skólaárinu er skipt í tvær annir, haustönn frá 18. ágúst til 17. desember 2021 og vorönn frá 4. janúar til 21. maí 2022. Fjórir vinnudagar eru utan þessa starfstíma sem og námskeið í ágúst og skólaheimsókn í lok maí. Formleg útskriftarathöfn nemenda fer fram á vorin en kerfislæg útskrift er tvisvar á ári, í lok haustannar og lok vorannar. Skóladagatalið er aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Skóladagatal FAS starfsárið 2021-2022

Agúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	April	Mai
1. 31. vika	1.	1. Skráning miðmenntunnar	1.	1.	1.	1. Starfsmannasamtíð	1. Opnar dagar	1. Faglegt samstarf	1. 18. vika
2. Frelsgar vinnudagarnir	2. Skólanefndir Övirkir atkæra	2.	2.	2. Skólanefnd	2. 1. vika	2. Starfsmannasamtíð	2. Opnar dagar	2.	2.
3.	3.	3. 40. vika	3. Skólaráð	3. Sjóning veit. lönguna Kennarafundur	3.	3. Starfsmannasamtíð	3. Aukaráð	3. 34. vika	3.
4. Skrifstofa opnar	4.	4. Miðnarsvöðul	4.	4.	4. Setning og spjallfundur	4.	4.	4.	4.
5.	5. 36. vika	5. Miðnarsvöðul	5. Faglegt samstarf	5. 40. vika	5. Kennsla heldur	5.	5.	5.	5.
6.	6.	6. Miðnarsvöðul Flúgihúsið	6.	6.	6. Lok ífangskráningur	6. 6. vika Upphef 7	6. 10. vika	6.	6. Sjóning veit- og lönguna
7.	7.	7. Miðnarsvöðul	7. 45. vika Upphef 4	7.	7.	7.	7. Vabvika	7.	7.
8. 32. vika	8. Skólaráð	8. Miðnarsvöðul Kennarafundur	8.	8. Lok kennsla	8.	8.	8. Vabvika Umsjónarfundur 3	8.	8. 19. vika
9.	9.	9.	9. Tímatafla lokunum	9. Lokunum	9. 2. vika	9. Skólaráð	9. Vabvika	9.	9.
10. Samgöngulegt miðskólið Haganá	10. Faglegt samstarf	10. 41. vika Upphef 3	10.	10. Lokunum	10.	10. Skólanefnd	10. Vabvika	10.	10. Lok kennsla
11. Samgöngulegt miðskólið Haganá I	11.	11. Vabvika Umsjónarfundur 3	11.	11.	11. Umsjónarfundur	11. Faglegt samstarf	11. Kennarafundur	11. 15. vika Þrákaldagur	11. Lokunum
12. Samgöngulegt miðskólið Haganá II	12. 37. vika Upphef 2	12. Vabvika	12.	12. 30. vika	12.	12.	12.	12.	12. Lokunum
13.	13.	13. Vabvika Skólaráð	13.	13. Lokunum	13. Frelsdagur	13. 7. vika	13. 11. vika Upphef 9	13.	13. Lokunum
14.	14.	14. Vabvika	14. 40. vika	14. Lokunum	14. Kennarafundur Övirkir atkæra	14.	14. Opnað fyrir umskiptur	14.	14.
15. 33. vika	15.	15. Vabvika	15.	15. Lokunum	15.	15.	15.	15.	15. 20. vika
16. Aðrir vinnudagar	16. Skólanefnd	16.	16.	16. Lokunum	16. 3. vika Upphef 6	16.	16. Alftanáringur	16.	16. Lokunum
17. Aðrir vinnudagar	17.	17. 42. vika	17.	17. Lokunum	17.	17. Val á þip á Opnum dögum	17.	17. 18. vika Þrákaldagur	17. Lokunum
18. Setning og umsjónarfundur	18.	18.	18.	18.	18.	18. Skráning miðmenntunnar	18.	18.	18. Lokunum
19. Fyrsti kennsludagur	19. 38. vika	19. Heimsbergshúsið	19. Kennsluáttáttir á vef Kennarafundur	19. 31. vika	19. Skólaráð	19.	19.	19.	19. Lokunum
20.	20.	20. Opnað fyrir umskiptur um nám	20.	20. Uppgjörfundur	20.	20. 8. vika Upphef 8	20. 12. vika	20.	20. Aðrir vinnudagar
21.	21.	21.	21. 47. vika	21.	21.	21. Miðnarsvöðul	21.	21. Samræðingarnir fyrsti	21. Útskrift
22. 34. vika	22.	22. Kennarafundur	22.	22.	22.	22. Miðnarsvöðul	22.	22.	22. 21. vika
23.	23. Austrikrúka dýppláttakari	23.	23.	23.	23. 4. vika	23. Miðnarsvöðul Skólaráð	23. Skólaráð	23.	23. Uppgjörfundur Aðrir vinnudagar
24. Nýsmarkað	24. Kennarafundur	24. 43. vika	24.	24.	24.	24. Miðnarsvöðul	24. Tímatafla lokunum	24. 17. vika Upphef 10	24. Skólaheimsókn
25. Lok ífangskráningur	25.	25.	25.	25.	25.	25. Miðnarsvöðul Kennarafundur	25. Kennsluáttáttir á vef Kennarafundur	25.	25. Skólaheimsókn
26. Frelsdagur Föb á Skólaheimsókn	26. 59. vika Frelsdagur	26.	26.	26. 62. vika	26.	26.	26.	26.	26. Uppgjörfundur
27. Umsjónarfundur Kennarafundur	27.	27. Vinnudagur Skólaheimsókn	27.	27.	27. Skólanefnd	27. 9. vika	27. 13. vika	27.	27.
28.	28.	28. Vinnudagur Skólaheimsókn	28. 48. vika Upphef 5	28.	28. Kennarafundur	28. Opnar dagar	28.	28.	28.
29. 35. vika Upphef 1	29. Skólaráð	29. Löng helgi	29.	29.	29.	29.	29.	29. Kennarafundur	29.
30.	30.	30.	30.	30.	30. 6. vika	30.	30.	30.	30.
31.	31. 44. vika	31.	31.	31.	31. Starfsmannasamtíð		31.		31.

Vinnutími kennara og nemenda: Kennsla og námsmatsdagur 180. Aðrir vinnudagar kennara 4.

Önnur vinna kennara á kennslu og námsmatstímar: Kennarafundur og faglegt samstarf 72 klst., nemendatímar 72 klst., viðtöl, upplýsingagjöf og umsjón.

Mynd 1 Skóladagatal Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu 2021-2022

Nemendur

Tafla 3 sýnir yfirlit yfir fjölda nemenda við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu í staðnámi, fjarnámi og alls eftir önnum árin 2017 til 2022. Nemendum fækkar í skólanum frá 2017 til haustsins 2020 en þá fjölga nemendum. Helsta skýringin á þessari fjölgun nemenda skólans er aukinn fjöldi nemenda í fjallamennskunáminu. Stefna skólans er að fjölga einnig nemendum í fjarnámi og er skólinn í samstarfi við Fjarmentaskólann til að efla fjarnámið.

Tafla 3 Fjöldi nemenda við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu 2017 – 2022.

	2017		2018		2019		2020		2021		2022
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Fjöldi nemenda dagskóla	124	121	104	103	80	48	77	104	129	173	144
Fjöldi nemenda fjarnámi	58	54	86	68	73	96	60	42	53	69	50

Tafla 4 sýnir þróun í innritun nýnema þ.e. nemenda sem koma beint úr 10. bekk grunnskólans frá 2017 til 2021. Taflan sýnir að fjöldi innritaðra nýnema helst nokkuð stöðugur þennan tíma. Langflestir nemendur á svæðinu fara beint úr 10. bekk grunnskólans yfir í Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu.

Tafla 4 Þróun í innritun nýnema við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu eftir kyni að hausti frá 2017 – 2021.

Ár	Karlar	Konur
2017	12	6
2018	11	13
2019	9	8
2020	7	12
2021	7	9

Tafla 5 sýnir fjölda nemenda FAS á haustönn 2021 og vorönn 2022 eftir kyni og aldri. Konur eru fjölmennari en karlar í skólanum. Aldursbilið er mjög breitt í nemendahópnum eða fólk fætt á árunum 1952 til 2006. Á vorönn 2022 eru um 40% nemenda á hefðbundnum framhaldsskólaaldri, sextán til nítján ára, um 30% er á aldrinum milli tvítugs og þrítugs og um 30% er eldra en þrítugt.

Tafla 5 Fjöldi nemenda á haustönn 2021 og vorönn 2022 eftir aldri og kyni við FAS.

	Haustönn 2021		Vorönn 2022	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
1952-1981	11	19	11	17
1982-1991	11	21	9	17
1992-2001	40	50	31	35
2002	9	7	6	8
2003	13	8	11	13
2004	18	13	9	9
2005	9	11	7	9
2006		2		2
Alls	111	131	84	110

Tafla 6 sýnir hvaðan nemendur Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu koma eftir póstnúmerum vorið 2022. Rúmlega helmingur nemenda skólans eru búsettir á Höfn og nágrenni en tæplega helmingur kemur víða af landinu og eru það bæði fjarnemendur og nemendur í fjallamennskunámi .

Tafla 6 Hvaðan koma nemendur Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu eftir póstnúmerum?

Fjöldi	Póstnúmer	Landssvæði
34	101-113	Reykjavík
1	170	Seltjarnarnes
9	200-210	Kópavogur
7	220-225	Hafnarfjörður
5	190-260	Suðurnes
4	270	Mosfellsbær
4	300-371	Vesturland
4	380-524	Vestfirðir
2	530-580	Norðurland vestra
10	600-690	Norðurland
80	780-781	Höfn
25	700-785	Austurland (utan Hafnar)
6	800-871	Suðurland
2	900	Vestmannaeyjar
1		Útlönd

Tafla 7 sýnir brotthvarf nemenda við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, haust og vor 2017 til 2022. Brotthvarf nemenda er mjög mikið en minnkaði mikið 2018-2020 en jókst aftur 2021. Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að minnka brotthvarf nemenda og er fjallað um það síðar í matskýrslunni.

Tafla 7 Brotthvarf nemenda í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu haust og vor 2017 – 2021.

Ár	Haust %	Vor %	Meðaltal
2017	17%	26%	21,5%
2018	8%	9%	8,5%
2019	10%	13%	11,5%
2020	4%	13%	8,5%
2021	18%	16%	17,0%

Tafla 8 sýnir fjölda brautskráðra nemenda af einstökum námsbrautum árin 2017 til 2021. Fáir nemendur útskrifast á hverri önn af hverri námsbraut sem er eðlilegt miðað við nemendafjölda skólans.

Tafla 8 Fjöldi brautskráðra nemenda við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu 2017 – 2021 á hverri námsbraut

Námsbraut	2017		2018		2019		2020		2021	
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Félagsfræðabraut		1								
Hug- og félagsvísindabraut	2	6	2	5		3	1	3	1	1
Kjörnámsbraut		8	3	6	1	6		5	2	9
Náttúru- og raunvísindabraut		3	2		1	4		4	1	4
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsbrautum				1						
Alls	2	18	7	12	2	13	1	12	4	14

Tafla 9 sýnir viðveruskráningu nemenda á vorönn 2021 og haustönn 2021. Um helmingur nemenda stundar námið reglulega í dagskóla og um helmingur nemenda er utanskóla, í fjarnámi eða með undanþágu frá mætingu.

Tafla 9 Viðveruskráning nemenda Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á vor og haust 2021

	Vorönn 2021	Haustönn 2021
<i>Mæting</i>	43%	32%
<i>Utanskólanemendur og fjarnemendur</i>	36%	45%
<i>Veikindi</i>	3%	4%
<i>Undanþága frá mætingu</i>	7%	6%
<i>Tími fellur niður</i>	1%	2%
<i>Leyfi</i>	1%	1%
<i>Óútskýrð fjarvera</i>	8%	11%

Kennarar og annað starfsfólk

Tafla 10 sýnir starfsheiti, fjölda starfsmanna og fjölda stöðugilda við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu eftir kyni vorið 2022. Alls starfa 43 starfsmenn við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, þar af 23 konur eða 53% og 20 karlar eða 47%. Af starfsfólkinu starfa 34 eða 79% við kennslu. Skólinn er til húsa í Nýheimum sem rekið er af sveitarfélaginu sem sér einnig um húsvörslu þar. Margir starfsmenn eru í hlutastörfum vegna smæðar skólans og óvenjulegs skipulags náms í fjallamennsku sem kallar á mikla sérhæfingu starfsfólks og tímabundna vinnu í staðlotum. Þetta skýrir einnig hversu margir leiðbeinendur eru við störf við skólann.

Tafla 10 Fjöldi og stöðugildi starfsfólks Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu eftir kyni vor 2022.

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari	1	1,0		
Áfangastjóri			1	0,75
Fjármálastjóri			1	0,5
Framhaldsskólakennari/-ar	3	2,5	9	7,5
Leiðbeinandi/-ur	15	9,4	7	4,8
Námsráðgjafi			1	0,74
Skrifstofa			1	0,5
Kerfisstjóri	1	0,3		
Mötuneyti			1	1,0
Stuðningsfulltrúar			2	1,35
Samtals	20	13,2	23	17,4

Tafla 11 sýnir menntun kennara við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Fjöldi leiðbeinenda er hár og er skýringin á því skortur á kennurum með kennsluréttindi í fjallamennskunáminu sem og vélstjórnarnáminu.

Tafla 11 Menntun kennara við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu vorið 2022

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	1
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	6
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	7
Háskólapróf án kennsluréttinda	15
Leiðbeinendur ekki með háskólapróf	5

Tafla 12 sýnir starfsmannaveltu í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu frá 2017 til 2021. Meðalstarfsaldur starfsfólks við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu er 6,6 ár. Flestir sem hætta eru að fara til annarra starfa eða flytja brott af svæðinu.

Tafla 12 Starfsmannavelta Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu 2017 til 2021

	Fjöldi	Ráðnir	Hættir
2021	40	13	1
2020	23	3	1
2019	26	6	3
2018	23	6	2
2017	22	7	5

Niðurstöður ytra mats

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skilgreinir og gefur út leiðbeiningar um ytra mat í framhaldsskólum. Þar eru settir fram fimm matsþættir eða viðmið og vísbendingar um gæði skólstarfs. Matsþættirnir eru:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Hverjum þætti er skipt niður í tvo eða fleiri undirþætti, alls 78 þætti með vísbendingum um góða starfshætti. Greindir eru styrkleikar og veikleikar í skólstarfinu og einkunnir á fjögurra stiga kvarða, A, B, C eða D gefnar fyrir einstakar vísbendingar um hvern þátt. Við matið skal taka mið af eftirfarandi kvarða:

(A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár

(B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá

(C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta

(D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar

Skólinn metur sjálfur stöðu sína út frá ofangreindum viðmiðum og vísar í ýmis gögn máli sínu til stuðnings. Síðan er það hlutverk ytri matsmanna að sannreyna sjálfsmat skólans út frá gögnum, vettvangsheimsókn, viðtölum og rýnihópaviðtölum. Hér í skýrslunni er mat skólans merkt með „S“ og mat ytra matsmanna er merkt með „M“. Þegar aðilar eru sammála um matið er „SM“ skráð í viðkomandi reit.

Viðmið og vísbendingar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverjum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	SM			
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.	SM			
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		SM		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	SM			
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	SM			

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	SM			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	SM			
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	SM			
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		S	M	
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	SM			

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	SM			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	SM			
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.			SM	

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til að nota við innra mat.	S	M		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	S	M		
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.			SM	
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.			SM	
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.		S	M	
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	S	M		

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.		S	M	
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	SM			
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.		SM		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.		SM		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	SM			
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	SM			
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		SM		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	SM			

2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tók eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	SM			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	SM			

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.			SM	

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		SM		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		SM		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.			SM	

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluáferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.	SM			
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	SM			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	SM			
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	S	M		
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.		SM		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	SM			

Páttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	M	S		
45. Nemendum líður vel í skólanum.		SM		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.		SM		

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfra félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýnn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.		SM		
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		SM		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	SM			

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	SM			
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	M	S		
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	SM			

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjáforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.				SM
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.		SM		
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.			SM	

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er ferska þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	SM			
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.			SM	
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		SM		

Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.			SM	
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.		M	S	
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	SM			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.		S	M	
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.		SM		
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	SM			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.		SM		

Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.			SM	
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.		SM		

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	SM			
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	SM			
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	SM			
73. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	SM			
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.		SM		
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.		SM		

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.			SM	
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.		SM		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	SM			

Greinargerð um ytra matið

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundvallar við ytra mat á Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum haustið 2021. Auk þess eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólastarfið í hverjum þætti svo og tækifæri skólans til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í ramma í upphafi umfjöllunar. Heimildir eru tilgreindar í lok skýrslunnar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Stefnumótun

Eins og aðrir opinberir framhaldsskólar starfar skólinn samkvæmt lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008) undir yfirstjórn menntamálaráðherra (nú mennta- og barnamálaráðherra). Auk almennra hlutverka sem talin eru upp í lögnum og tengjast alhliða þroska og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi segir í skólanámskrá skólans:

„Hlutverk FAS er að starfrækja námsbrautir til stúdentsprófs, bjóða upp á starfsnám í samræmi við eftirspurn hverju sinni og að gefa nemendum kost á að ljúka námi sem þeir skipuleggja sjálfir í samráði við skólann.,,

Grunnstefna skólans speglast í hugmyndafræði sem byggir á því að skólinn eigi að þjóna nemendum og samfélaginu. Í skólanámskrá segir:

Kjörorð Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu er: „*Nám er vinna og um leið félagslegt ferli*“ og „*Skólinn þjónar þér*“. Samvinna í námi og félagslífi er hornsteinn skólastarfsins sem byggir á þeirri sýn að nám sé vinna en um leið félagslegt ferli. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu leggur áherslu á tengsl við nærsamfélagið og náttúru svæðisins í náminu og á að nemendur tileinki sér sjálfstæð, lýðræðisleg og skapandi vinnubrögð.

Í viðtali við skólameistara kemur fram að forgangs röðunin er skýr, fyrstir koma nemendur, síðan samfélagið og skólinn sé verkfæri sem þjónusti hina tvo. Að skólinn þjóni nemandanum og samfélaginu er

kjarninn í stefnu skólans. Þessa forgangsriðun má sjá endurspeglast í starfi og stefnumörkun skólans. Mikil tengsl eru við nærsamfélagið sem raungerist til dæmi í því að skólinn er í húsnaði í eigu og rekstri sveitarfélagsins þar sem aðrar stofnanir eru einnig með aðstöðu. Skólasamfélagið er til dæmis í daglegu samneyti við Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu sem Menningarmiðstöð Hornafjarðar rekur í húsinu. Í sama húsi er Þekkingarsetrið Nýheima sem lýst er þannig á heimasíðu þess:

Nýheimar þekkingarsetur er samstarfshattur ólíkra stofnana sem starfa á sviði menntunar, menningar, nýsköpunar og rannsókna á Suðausturlandi. Aðilar að setrinu eru: Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Fræðsluskrifstofa Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Mátis, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Náttúrustofa Suðausturlands, Nýsköpunarmiðstöð, Ríki Vatnajökuls, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands, Vatnajökulspjóðgarður og Vöruhúsið.

Nýheimar þekkingarsetur sameinar þessar ólíku stofnanir undir einn hatt í þeim tilgangi að efla samvinnu og skapa öflugt þekkingarsamfélag á landsbyggðinni, stuðla að jákvæðri byggðapróun á Suðausturlandi og bæta lífsgæði á svæðinu.

Nemendur og starfsfólk skólans lifir því og hrærist í samvinnu í Nýheimum alla daga og stefnan um að skólinn sé hluti af samfélaginu og þjóni því er því raungerð í daglegu starfi skólans. Þekkingarsetrið er lifandi stofnun með mikilli gerjun þar sem stjórnin kemur saman einu sinni í mánuði. Áhrif skólans eru þar mikil og áhrif þekkingarsetursins einnig mikil á skólastarfið. Eyjólfur Guðmundsson skólameistari hefur setið í stjórninni frá byrjun og fundargerðir eru kynntar á bæjarstjórnarfundum. Formaður skólanefndar benti á að Eyjólfur hafi átt ríkan þátt í stofnun og framgangi þekkingarsetursins. Samstarfsverkefni sem orðin eru hefð í skólastarfinu eru til dæmis árleg álfatalning og gróðurannsóknir. Skólameistari telur að samvinna við nærumhverfið sé nú orðinn menning (kúltúr) í skólastarfinu sem ekki sé auðvelt að breyta til baka og það sé gott. Taka verður undir það og sjaldan sem hægt er að sjá jafn skýrt dæmi um stefnumörkun í raunverulegri framkvæmd.

Skólinn hefur markað sér stefnu í einstaka málaflokkum svo sem einelti, jafnrétti o.fl. og birt á heimasíðu skólans. Skólinn hefur mótað sér stefnu sem er heildstæð og tekur á flestu sem tengist skólastarfi. Auðvelt er að nálgast stefnu skólans á heimasíðu hans.

Stefnumótun fer fram á fleiri en einum vettvangi. Hún fer fram í samstarfi við kennara á hálfsmánaðarlegum kennarafundum þar sem fjallað er um stefnumörkun í starfi skólans og mál sem varða daglega stjórnun m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, skipulag starfstíma skólans, tilhögun

prófa og námsmat eins og segir á heimasíðunni. Kennarafundir eru ákvarðandi og áriðandi að mati skólameistara. Á faggreinafundum sem haldnir eru reglulega hafa kennarar einnig aðkomu og þar eru m.a. uppgjörsskýrslur til umfjöllunar. Í lok hverrar annar eru svo uppgjörfundir þar sem allir kennarar taka þátt. Þar koma uppgjörsskýrslur frá öllum faghópum til umræðu, rætt um hvað hefur tekist vel og hvað illa á önninni, hvert stefnir og hvað þarf að bæta. Skólafundur er haldinn að hausti og þátt í honum tekur allt starfsfólk og allir nemendur. Skólafundur ræðir stefnumótandi ákvarðanir skólans og ýmislegt sem brennur á þátttakendum. Skólaráð er starfandi við skólann og þar eiga stjórnendur, nemendur og kennarar fulltrúa. Ráðið heldur fundi mánaðarlega á skólatíma og er mikilvægur samráðsvettvangur að mati skólameistara.

Skólameistari telur að hægt væri að virkja nemendur til meiri áhrifa með vinnu í rýnihópum. Í samræðum við nemendur kom fram að þeim finnst á þá hlustað á skólafundum og að þeir sjái að ýmislegt sem þeir leggja til komi til framkvæmda. Skólanefnd kemur einnig að umræðu um stefnumótun og annað sem varðar rekstur skólans. Góð tengsl eru við skólanefnd og formaður skólanefndar er áhugasamur um starf skólans og vel upplýstur um það sem þar er að gerast. Flestir helstu hagsmunaaðilar sem tengjast störfum og rekstri framhaldsskólans koma því að stefnumótun skólans. Í viðtölum endurspegladist að viðmælendum okkar fannst þeir hafa raunveruleg áhrif á stefnu skólans. Einn hagsmunahópur kemur þó litið sem ekkert beint að stefnumótun en það eru foreldrar og forsjáraðilar nemenda. Erfiðlega gengur að halda úti foreldraráði við skólann. Skólameistari telur að þar spili ýmislegt inn í s.s. að foreldrum finnist að eftir grunnskólann sé óhætt að sleppa tókunum í foreldrastarfi og einnig að í svo litlu samfélagi sé upplýsingaflæði nægt án slíks félags. Skýrar kröfur eru um að við skólann starfi foreldraráð gerir það að verkum að skólinn verður að gera það sem hann getur til þess að koma virkum tengslum á við fulltrúa foreldra.

Skólinn nýtur virðingar í nærsamfélaginu og greinilegt af samtölum matsfólks við heimafolk að þeim finnst skólinn mikilvægur fyrir sveitarfélagið.

Tengsl skólans við atvinnulífið er gott og námsbraut í vélstjórn nauðsynleg fyrir bæinn sem þekktur er fyrir sjósókn og þá kannski sérstaklega humarveiði sem því miður hefur lagst af. Námsbraut í fjallamennsku er m.a. til komin vegna beiðni úr atvinnulífinu. Byrjað var að þróa það nám upp úr 2010 eftir að leitað var til skólans um að standa fyrir námskeiðum í fjallamennsku. Þessi beiðni féll vel að stefnu skólans að þjóna nærsamfélaginu og því var tekið jákvætt í beiðnina. Nám í fjallamennsku hefur síðan verið byggt upp samhliða uppbyggingu atvinnulífsins í þessum greinum. Þarna nær skólinn að tengja saman sína reynslu og reynslu atvinnulífsins sem hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið á staðnum. Skólinn hefur hannað

námsbraut í fjallamennsku, að beiðni Mennta- og barnamálaráðuneytis, sem send hefur verið inn til umsagnar hjá námskrárdeild Menntamálastofnunar. Hugsanlegt er að Framhaldsskólinn ví Austur-Skaftafellssýslu verði móðurskóli ævintýraferðþjónustu á Íslandi enda einstaklega vel í sveit settur hvað það varðar.

Með góðri stjórn, útsjónarsemi og samvinnu við samfélagið allt tekst stjórnendum og starfsfólki skólans að bjóða upp á merkilega fjölbreytt nám í skólanum miðað við stærð samfélagsins og fjölda nemenda. Þar gerir góð samvinna stjórnenda við sveitarfélagið útslagið. Samfélagið allt er stolt af skólanum og styður við hann á margvíslegan hátt.


Stjórnskipan og stjórnendur

Við stjórn skólans er reyndur skólameistari sem nýtur mikils traust innan skólans og og utan. Hann hefur stýrt farsælu skólastarfi frá árinu 1996 en mun hætta við lok þessa skólaárs þ.e. 31. Júlí 2022. Á þessum tíma hefur skólastarfið tekið miklum breytingum og tekist á við ýmsar áskoranir. Skólinn er ekki fjölmennur en fjölbreyttur og áriðandi fyrir samfélagið. Greinilegt er að skólameistari er skýr faglegur leiðtogi skólastarfsins.

Skólinn hefur einnig sett sér stefnu er varðar skipulag og stjórnun eins og segir á heimasíðu skólans:

„Stefna skólans hvað varðar skipulag og stjórnun er sú að allar ákvarðanir séu teknar á lýðræðislegan, málefnalegan og gagnsæjan hátt. Allir starfsmenn heyra beint undir skólameistara og starfsmenn stýra vinnu nemenda. Hver starfsmaður, nefnd, fundur og ráð tekur ákvarðanir á sínu starfssviði.“

Stjórnunin ber mörg merki þjónandi forystu (e. servant leadership) sem grundvallast á jafningjabrag, samstilltri þátttöku starfsfólks og samfélagslegri ábyrgð. Forystan er veitt með þjónustu við samstarfsfólk og samfélag að leiðarljósi.



Mynd 2 Skipurit Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu

Skipurit skólans er einfalt og vel fram sett. Í því koma fram tvö lög auk nemenda. Skólameistari, aðrir starfsmenn (flestir kennarar) og nemendur. Margir kennarar eru hins vegar verkefnisstjórar yfir ýmsum þáttum skólastarfsins. Skólameistari skipar einn yfirstjórn skólans og er eini stjórnandinn í fullu starfi við stjórnun. Áfangastjóri er við skólann í hlutastarfi og sá einstaklingur er jafnframt staðgengill skólameistara. Í viðtölum við kennara kom fram að áfangastjóri væri á köflum ígildi aðstoðarskólameistara. Í skipuriti kemur fram að áfangastjóri hefur ekki formlegt stjórnunarvald gagnvart öðrum starfsmönnum þó hann á stundum leysi af sem staðgengill og nokkurskonar aðstoðarskólameistari. Í raun hefur enginn annar en skólameistari vald til þess að segja öðrum fyrir verkum og allar ákvarðanir eru bornar undir skólameistara. Fram kom í viðtölum við áfangastjóra, kennara og annað starfsfólk að þetta er á stundum til trafala þegar hægt er að leysa úr málum án aðkomu skólameistara. Í mörgum tilfellum væri hægt að taka ákvarðanir á fljótlegri og skilvirkari hátt. Áfangastjóri virki því ekki sem stjórnandi heldur milliliður og í mörgum tilvikum tefji það einungis framgang máls að ræða við áfangastjóra eða verkefnisstjóra. Skólameistari leggur áherslu á að reynt sé að komast að sameiginlegri ákvörðun um úrlausn mála en að lokaákvörðunin sé hans. Í mörgum tilfellum má dreifa ábyrgð betur og gefa áfangastjóra og millistjórnendum raunverulega

stjórnunarábyrgð. Matsmenn telja að huga þurfi að breytingu á þessu fyrirkomulagi og auka stjórnunarlega ábyrgð áfangastjóra eða ráða aðstoðarskólameistara til skólans.

Í viðtölum við starfsfólk kom fram almenn ánægja með stjórn skólans. Starfsánægja og viðhorf til stjórnunar og stjórnenda er mæld árlega í könnuninni *Stofnun ársins*. Niðurstöður síðustu könnunar eru vel ásættanlegar fyrir skólann með einkunn í heildarniðurstöðu meðal efsta þriðjungs framhaldsskóla í könnuninni. Hæst raðast skólinn í mælingum fyrir sveigjanleika í starfi þar sem hann raðast fjórði af 27 framhaldsskólum en neðst raðast hann númer 20 af 27 framhaldsskóla í þættinum sjálfstæði í starfi. Í þeim þætti sem snýr að stjórnun er skólinn fyrir miðju þ.e. númer 16 af 27. Þar skorar skólinn 4,16 af 5 mögulegum á meðan hæsta skorið meðal skólanna er 4,82 en það lægsta 3,25.

Aðgengi starfsmanna og nemenda að skólameistara er gott og öll samskipti jákvæð og lipur. Í viðtölum kemur fram að nemendum finnst auðvelt að leita með mál á skrifstofu skólans og að þeim finnist að hlustað sé á það sem þau hafi fram að leggja. Starfsmenn, sem lang flestir eru kennarar, eru ánægðir með viðbrögð við starfstengdum óskum og að lipurð ríki í öllum samskiptum. Skólameistari lítur á kennarafundi, sem haldnir eru að jafnaði á tveggja vikna fresti, sem lykilfundi þegar kemur að daglegum rekstri skólans og stefnumótun til skemmri og lengri tíma. Lykilatriði sé að mæting á kennarafundi sé góð. Mikið af stjórnun og stefnumótun fari þar fram. Í viðtölum við kennara kemur fram að kennarar séu settir inn í það sem er að gerast og hafi tækifæri til þess að hafa áhrif en kennarar mættu nýta sér þau tækifæri betur. Kennarafundir eru eftir hádegi annan hver föstudag og e.t.v. örlíttillar þreytu farið að gæta á þeim tíma. Skólameistari er hins vegar mjög samviskusamur við það að halda öllum vel inn í málunum og að þau hafi mörg tækifæri til þess að taka þátt í stefnumótun. Þau upplifa vinnustaðinn sem lýðræðislegan vinnustað þar sem þau geti haft áhrif.

Yfirbygging skólans er lítil. Flestir starfsmenn eru með verkefni á fleiri en einu sviði. Fjármálastjóri er jafnframt skrifstofustjóri, matráður sér um mötuneytið, námsráðgjafi kennir einnig lífsleikni og við skólann starfar tæknimaður í 30% starfi. Húsvarsla og ræsting er í höndum sveitarfélagsins. Umsvif skólans hafa hins vegar aukist við vöxt fjallamenskunámsins og aukinnar áherslu á listnám og íþróttir mun það væntanlega hafa áhrif á fjölda verkefnisstjóra, millistjórnenda og þjónustupörf.

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári á vorönn. Á þeim fundum ræðir skólameistari einslega við kennara og aðra starfsmenn um störf þeirra. Í þessum viðtölum eru einnig ræddar úrbætur og ef tilefni er til er þeim fylgt eftir í viðtali árið eftir. Starfsfólk sem rætt var við er ánægt með þessi viðtöl og telja að þau nýtist þeim ágætlega.

Starfslýsingar, þar sem þær liggja fyrir, eru opnar og lítið afmarkandi. Skólameistari segir það vera með vilja gert þar sem það njörvi ekki starfsmenn niður og geri starfið meira skapandi. Á sama tíma reynir hann að brýna fyrir kennurum og öðru starfsfólki að vinna í samræmi við umfang starfsins sem þau eru ráðin til þess að vinna og að hann minni þau á að greina á milli vinnu og frítíma. Sérstaklega þurfi að huga að þessu vegna fjarkennslu þar sem áreiti geti dreifst yfir á frítíma á kvöldin og um helgar. Kennurum og öðru starfsfólki er treyst fyrir sínum störfum og kom það skýrt fram í viðtölum við þá að þeim finnist að þeim sé treyst.

Kennarar eru ánægðir með vinnuaðstöðuna. Skólinn lætur þeim í té fartölvur og þær endurnýjaðar reglulega. Ef kvartað er yfir einhverju er brugðist vel við og reynt að gera það sem þarf til þess að finna lausn. Starfsmenn skynja mikinn vilja til þess að gera starfsaðstæður sem bestar en vita líka að smæð skólans setur skólameistara oft skorður. Óstöðug nettenging hrjáir hins vegar bæði kennara og nemendur en tengist meira ljósleiðara inn á Hornafjörð en netkerfi skólans.

Innra mat

Innra mat er unnið í anda umbótamiðaðs mats og var þróað í samvinnu við Sigurlínu Davíðsdóttur árið 2006. Á heimasíðu eru góðar upplýsingar um markmið og umfang matsins. Sjálfsmatsáætlun liggur fyrir og þar er tekið á flestum þáttum skólastarfsins.

Sjálfsmatsskýrslur, yfir nokkur ár, gefa nokkuð góða mynd af innra mati og um leið starfi skólans. Fylgst er með lykiltölum milli ára og helstu umbótaverkefnum skólaársins. Matið byggir mikið á samræðum starfsmanna og nemenda á skólafundum hvers árs og uppgjörsfundum starfsmanna í lok annar. Matið er því mjög samvinnumiðað og nær að virkja nemendur, kennara og annað starfsfólk í umræðum um hvernig til hefur tekist og hvað má bæta. Nauðsynlegt er að sett séu fram fleiri mælanleg töluleg markmið. Við það verður auðveldara að vinna að umbótaáætlun milli ára.

Í viðræðum við sjálfsmatshóp kom þó fram að hugsanlega mætti gefa skýrari mynd af því hvernig umbætur í kjölfar mats hafa verið unnar. Dæmi um það eru viðbrögð við miklu brottfalli skólaárið 2016 til 2017. Sett var af stað vinna til þess að bregðast við vandanum með því m.a. að endurskoða umsjónarkerfi skólans. Árangur markvissra aðgerða skólans má svo sjá í verulegri lækkun á brotthvarfstölum næstu árin á eftir og enn þann dag í dag. Fleiri dæmi um viðbrögð við mælingum og markvissar umbætur komu fram í viðræðum.

Sjálfsmatshópurinn í samvinnu við stjórnendur þyrfti að koma upp markvissu skráningarferli á umbótaverkefnum. Slík verkefni geta svo orðið fyrirmyndir annarra umbótaverkefna óháð því hvort starfsmenn sem unnu að þeim eru enn við störf í skólanum eða ekki. Í sjálfsmatsskýrslu þyrfti líka að koma fram umbótaáætlun sem síðan væri hægt að meta að ári hvernig til hefði tekist. Í tengslum við slíka umbótaáætlun þyrfti skólinn oftast að setja sér sín eigin mælanlegu viðmið sem metin eru árlega eða á nokkurra ára fresti. Í stefnuskjali skólans sem skilað er til ráðuneytis eru sett fram markmið og þrjár aðgerðir þar sem settir eru mælikvarðar. Í ársskýrslu er svo farið yfir hvernig til hefur tekist. Innleiða mætti þessa aðferðarfræði að hluta í sjálfsmatsvinnu skólans

Sjálfsmatsteymi skólans er skipað tveimur kennurum, áfangastjóra sem einnig er kennari og skólameistara. Hvorki foreldraráð né nemendur hafa beina aðkomu að matinu þó nemendur hafi óbeina aðkomu í gegnum skólaráð og skólafundi. Sjálfsmatshópurinn þyrfti að skoða hvernig hægt er að virkja nemendur og foreldra betur í starfi að sjálfsmati.

Nú þegar stefnt er að auknum fjölda fjarnemenda sem útskrifist frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu og við aukningu í námi í fjallamennsku þarf að huga að því hvort fulltrúar þeirra hópa eigi ekki einnig aðkomu að sjálfsmati, sem hluti af hópnum eða til ráðgjafar.

Styrkleikar

- Reyndur skólameistari sem nýtur mikils traust innan og utan skólans.
- Skýr stefna sem endurspeglast í skólastarfinu
- Gott aðgengi að stjórnendum
- Gott samstarf við skólanefnd
- Samhentur hópur starfsfólks
- Stuttar boðleiðir vegna greiðra samskipta innan skólans
- Reglulegir kennarafundir og skólafundir sem nýttir eru m.a. til stefnumótunar.

Tækifæri til umbóta

- Skýra og auka stjórnunarábyrgð áfangastjóra/staðgengils skólameistara.

- Virkja samráð um stefnu skólans við foreldra/forsjáraðila
- Setja fram mælanleg markmið og umbótaáætlun í sjálfsmatsskýrslu.
- Skipa stað- og fjarnemendur og nemendur í fjallamennsku í sjálfsmatshópinn
- Bæta við fulltrúa foreldra/forsjáraðila í sjálfsmatshópinn
- Útbúa skriflega starfslýsingar

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Nám, kennsla og námsmat

Í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu er fjölbreytt nám í boði á sjö námsbrautum til að mæta ólíkum þörfum nærsamfélagsins sem er mjög jákvætt fyrir samfélagið, sjá mynd 3 hér fyrir neðan. Námið er sérstaklega fjölbreytt í ljósi nemendafjöldans en alls stunda 194 nemendur nám við skólann.

Stúdentsbrautir	<ul style="list-style-type: none">•Kjörnámsbraut•Hug- og félagsvísindabraut•Náttúru- og raunvísindabraut
Iðnnám	<ul style="list-style-type: none">•Vélstjórnarbraut A
Framhaldsskólabraut	<ul style="list-style-type: none">•Framhaldsskólabraut
Fjallamennskunám	<ul style="list-style-type: none">•Fjallamennskunám
Starfsbraut	<ul style="list-style-type: none">•Starfsbraut
Annað nám	<ul style="list-style-type: none">•Ótilgreint nám•Grunnskólanemar

Mynd 3 Námsbrautir Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu

Flestir nemendur stunda nám á stúdentsbrautum eða 75 nemendur. Þrjár stúdentsbrautir eru í boði, 200 eininga á þriðja hæfniprepi þ.e. hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámsbraut. Á kjörnámsbraut eru í boði fjögur námssvið sem eru í þróun, fjallamenskunám, lista- og menningarsvið, íþróttasvið og vélstjórnarsvið. Sameiginlegur kjarni, 115 einingar er á öllum brautunum og síðan er sérhæfing á braut 65 einingar og óbundið val 20 einingar. Skylda er fyrir alla að taka áfanga í auðlinda- og umhverfisfræði, áfanga í verk- og listgrein og áfanga í verkefnavinnu sem er lokaverkefni á sviði sérhæfingar brautar þar sem áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð nemenda.

Á vélstjórnarbraut A eru sex nemendur og þar er beint verið að koma til móts við þarfir atvinnulífsins á Höfn í Hornafirði þar sem áhersla er lögð á sjósókn á minni skipum og bátum. Þessi áhersla skólans er mjög jákvæð fyrir nærsamfélagið og talið mikilvægt fyrir skóla í dreifðum byggðum landsins samkvæmt rannsókn Valgerðar S. Bjarnadóttur og Guðrúnar Ragnarsdóttur (2021). Námið veitir réttindi til að starfa á skipum með vélarafli minna en 750 KW og er hluti námsins verklegt starfsnám. Námið er skipulagt í samvinnu við Tækniskóla Íslands.

Þrettán nemendur eru á framhaldsskólabraut sem er 90 eininga nám þar sem fléttað er saman almennu bóknámi og list- og verkgreinum í bundnu og óbundnu vali nemenda. Í kjarna er íslenska, heilsufræði, lífsleikni og tólmstundir og þemavinna. Brautinni lýkur með framhaldsskólaprófi.

Fjögurra ára nám á starfsbraut er í boði fyrir nemendur með fötlunargreiningu og er einn nemandi á þeirri braut. Skólinn er að hefja starfsemi starfsbrautar og er innihald brautarinnar enn í þróun.

Þrjátíu og fimm nemendur eru í ótilgreindu námi og stunda þeir flestir nám í einum til tveimur áföngum í fjarnámi en alls eru 50 nemendur í fjarnámi á vorönn 2022. Það er stefna skólans að fjölga nemendum í fjarnámi til að bæta hópastærðina í einstökum áföngum í skólanum en hópastærðin er fimm til fimmtán nemendur.

Boðið er upp á fimm anna nám í hestamennsku fyrir byrjendur og lengra komna. Námið miðar að því að nemendur geti sinnt helstu verkþáttum í hirðingu hesta og aðstoðað við þjálfun þeirra, geti aðstoðað viðskiptavinum hjá hestatengdum ferðaþjónustufyrirtækjum og leiðbeint um grunn þætti hestamennsku eins og segir á heimasíðu skólans. Árið 2020 voru 18 nemendur skráðir í námið og stefnt að því að í náminu séu að jafnaði 20 nemendur árið 2024 skv. samningi FAS um stefnumótun ríkisaðila 2022-2024.

Fjallamenskunám er 60 eininga sérhæft nám í fjallamennsku á 2. hæfniprepi með aldurstakmark 18 ár. Bæði er hægt að nýta fjallamennsku sem sérhæfingu á stúdentsbraut og framhaldsskólabraut. Þar er áhersla á gönguferðir í óbyggðum, ferðir á jökla, siglingar á jökullónum, kajakferðir og skíðagöngu. Í

rýnihópi kennara og nemenda í fjallamennsku kom fram mikil ánægja með innihald, skipulag og tækjabúnað námsins sem er í þróun. En hentugt húsnæði vantar sem og ódýrt gistirými fyrir nemendur í staðlotum. Sjá kynningu á náminu í Landanum á RÚV 19. apríl síðastliðinn (Gísli Einarsson, 2022). Námið er ætlað fólki í ferðamennsku sem vill sérhæfa sig í að ferðast um fjalllendi og óbyggðir og fá nemendur tiltekin réttindi innan fagfélags íslenskra fjallaleiðsögumanna, AIMG. Nemendum hefur fjölgað mikið í fjallamenskunámi allra síðustu ár og eru þeir nú 64 nemendur í því námi eða 33% nemenda skólans. Hér er skýrt dæmi um hvernig skólinn kemur til móts við þarfir atvinnulífsins á svæðinu þar sem ferðamennska hefur verið ört vaxandi atvinnugrein í Austur-Skaftafellssýslu á undanförunum árum með fjölgun ferðamanna til Íslands. Svæðið býður upp á góðar aðstæður fyrir fjallamennsku vegna nálægðar við Vatnajökulspjóðgarðinn, skriðjökla og jökullón. Skólinn hefur hannað námsbraut í fjallamennsku sem er í umsagnarferli hjá Menntamálastofnun. Hugsanlegt er að Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu verði móðurskóli ævintýraferðaþjónustu.



Mynd 4 Nemendur og kennarar í fjallamennsku við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu

Góðar upplýsingar eru á heimasíðu skólans um uppbyggingu og innihald námsins og þar er einnig skólanámskráin aðgengileg í einu PDF skjali sem er gagnlegt. Einnig eru kennsluáætlanir aðgengilegar á heimasíðunni sem er óvenjulegt en merki um áherslu skólans á sýnileika námsins og að kynna námið vel.

Á skóladagatalinu, sjá mynd 1 í skýrslunni, kemur fram að kennslu- og námsmatsdagar eru 180 og aðrir vinnudagar fjórir. Fjórtán dagar fara í lokamatið, tíu dagar, ein vika á hvorri önn fara í miðannarmat og viðtöl við nemendur. Á opnum dögum eru ýmist stutt námskeið fyrir nemendur með gestakennurum eða uppbrot gert á náminu með þverfaglegum verkefnum og vettvangsferðum.

Stefna skólans er að nám er vinna og gert er ráð fyrir að nemendur í dagskóla stundi námið í skólanum frá klukkan átta til sextán á hverjum virkum degi. Vinnan skiptist á milli kennslustunda og verkefnavinnu á lesstofunni. Á lesstofunni er svæðinu skipt eftir árgöngum en það reynist ekki eins vel núna eins og á meðan COVID19 var. Nemendur kvarta yfir því að mega ekki neyta matar og drykkjar á lesstofunni þar sem þau þurfa að vera þar lengi á daginn. Í rýnihópi kennara kom fram að kennarar leggja áherslu á fjölbreyttar kennslu- og námsaðferðir og mikil áhersla er lögð á virkni og þátttöku nemenda í námi sínu. Innlögnum kennara í kennslustundum er haldið í lágmarki og kennarar setja frekar stutt kennslumyndbönd á netið sem bæði nemendur í dagskóla og í fjarnámi geta nýtt sér. Áhersla er lögð á að gera sömu námskröfur til allra nemenda og sama kennsluáætlun gildir fyrir nemendur í dagskóla og fjarnámi. Samskipti við nemendur í fjarnámi fara eingöngu fram á netinu.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu leggur áherslu á símat og leiðsagnarmat og engin lokapróf eru í skólanum. Markmiðið með námsmati er að nýta fjölbreyttar námsmataðferðir yfir önnina til að fylgjast með hvernig nemendum gengur að ná hæfniviðmiðum einstakra áfanga. Um leiðsagnarmatið og samsetningu námsmatsins segir á heimasíðu:

„Leiðsagnarmatið byggir á stöðugri endurgjöf sem sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðri um eigin námsframvindu og til hvers er ætlast af þeim. Leiðsagnarmat er hluti af kennslunni og nemendur taka þátt í endurgjöfinni. ... Vægi prófa skal að jafnaði ekki vera meira en 40% og hvert verkefni um sig ekki meira en 10% af lokaekinn.“

Í rýnihópi kennara kom fram að lokapróf voru lögð niður 2016 og síðan þá hefur verið símat þar sem metin eru próf yfir önnina, virkni nemenda bæði í tímum og á lesstofu, verkefni nemenda sem gjarnan er skilað í námsmöppu og þar er einnig ígrundun nemenda um námið og lýsing á vinnutímum á lesstofu og lokamati. Lokamatið felst í viðtali við hvern nemanda í lok annar sem getur verið frá fimm til þrjátíu mínútur en algeng lengd er 15 mínútur að sögn kennara í rýnihópi. Þetta viðtal er gjarnan samtal um námsferlið og upprifjun á námsefni annarinnar. Kennarar taka einnig viðtöl við nemendur þegar önnin er hálfnuð í miðannarviku en þá eru engar kennslustundir, aðeins verkefnavinna nemenda á lesstofu og viðtöl kennara við nemendur um miðannarmatið. Á kennarafundi í apríl 2022 voru samþykktar ítarlegar reglur um lokamatið sem birtar eru á heimasíðu skólans. Þetta er til eftirbreytni og ætti að auðvelda kennurum framkvæmdina og jafnræði nemenda.

Skýrar reglur eru um verkefnaskil nemenda og hafa kennarar ekki leyfi til að framlengja skilafresti á verkefnum og hefur skólameistari einn formlega leyfi til þess. Þetta var gert til að tryggja stöðuga dreifingu á vinnuálagi fyrir önnina. Í rýnihópi nemenda kom þó fram að sumir kennarar sýna meiri sveigjanleika í verkefnaskilum en aðrir og kunna nemendur vel að meta þá þjónustu.

Ofangreind stefna Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu um kennslufræði og námsmat kom skýrt fram í viðtali við skólameistara og í rýnihópum kennara og nemenda en bæta mætti við upplýsingar um þessar áherslur skólans á heimasíðu skólans og tengja þær betur við stefnu skólans um leiðsagnarmat. Einnig mætti gjarnan kynna hana í greinum í tímaritum um menntamál t.d. í Skólaþráðum, Netlu og Skólavörðunni.

Kennarar

Alls starfa 43 starfsmenn við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu og þar af starfa 34 eða 79% starfsfólks við kennslu og eru þau í alls 24,2 stöðugildum. Margir kennarar eru í hlutastörfum vegna smæðar skólans og óvenjulegs skipulags náms í fjallamennsku sem kallar á mikla sérhæfingu starfsfólks og tímabundna vinnu í staðlotum. Flestir kennarar hafa háskólamenntun en marga vantar kennsluréttindi á framhaldsskólastiginu. Flestir leiðbeinendur kenna í fjallamenskunáminu og vélstjórnarnáminu í hlutastarfi og menntamálayfirvöld þyrftu að gera þeim kleift að taka kennsluréttindanámið í fjarnámi við Háskóla Íslands meðfram starfi.

Áhersla er lögð á faglegt sjálfstæði kennara. Mikil nálægð kennara er við nemendur og hafa nemendur í staðnámi mjög góðan aðgang að kennurum í skólanum. Kennarar reyna að fella aldrei niður kennslustund, heldur frekar að skipta á tímum eða fá einhvern til þess að hlaupa í skarðið fyrir sig. Vegna smæðar skólans þarf að samkenna áfanga og kenna áfanga með skertum kennslutímafjölda. Kennarar í rýnihópi töldu það ganga vel upp vegna þess að áhersla væri lögð á flippaða kennsluhætti eða vendikennslu þar sem innlagnir kennara væu mikið í stuttum kennslumyndböndum og áhersla á virkni nemenda í verkefnavinnu í kennslustundum og vinnu nemenda á lesstofu.

Kennarar eru hvattir til starfsþróunar og nýbreytni í kennslu og birtist sú áhersla bæði í stefnu skólans um starfsþróun kennara og þátttöku kennara í innlendu og erlendu faglegu samstarfi. Stefna skólans er að helmingur af starfsþróunartíma kennara sé skipulagður af skólanum bæði með skólaheimsóknum og sameiginlegum námskeiðum. Vegna staðsetningar skólans er þó erfitt fyrir kennara að skreppa á virkum dögum á fundi í fagfélögum og eru kennarar mjög þakklátir þegar streymt er frá þessum fundum og námskeiðum fagfélaganna á netinu. Það er einnig mikilvægt að stjórnendur skólans hvetji kennara til að

taka þátt í námskeiðum fyrir kennara á netinu t.d. nokkur námskeið á vegum HÍ fyrir framhaldsskólakennara undir yfirskriftinni Menntaflétta, sjá nánari lýsingar á Menntamiðjan <https://menntamidja.is/> eða HÍ <https://menntavisindastofnun.hi.is/is/starfsthroun/menntaflattan-namssamfelog-i-skola-og-fristundastarfi>.

Miðað við stærð skólans tekur Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu þátt í umfangsmiklu erlendu samstarfi og er verkefnisstjóri í hálfu starfi um erlent samstarf og einnig sinna stjórnendur þessu samstarfi. Fimm erlend samstarfsverkefni hafa verið í gangi síðustu tvö skólaár, eitt Nordplus og fjögur Erasmus+ verkefni: Goheritage, PROMOUNT, ADVENT, DETOUR, Cult Her StudE+. Þessum verkefnum eru gerð skil í síðustu ársskýrslu og sjálfsmatsskýrslu skólans sem og á heimasíðum verkefnanna. Skólinn hefur fengið aðild að Erasmus+ samningi frá 2021-2027 sem auðveldar umsóknarferlið. Bæði kennarar og nemendur taka þátt í erlendu verkefnum og eru þau einingabær í námi nemenda. Verkefnin tengjast Heimsmarkmiðum Sp, heilsueflandi ferðaþjónustu, fjallamennsku og framtíðaratvinnumöguleikum svæðanna þar sem samstarfsskólarnir eru staðsettir. Þetta er dæmi um áherslu skólans á að tengja starfsemina við nærsamfélagið og atvinnulífið á svæðinu, ferðaþjónustufyrirtæki og Vatnajökulsþjóðgarðinn. Á tímum COVID19 þurfti að fresta verkefnum og breyta með því að flytja samskipti nemenda á netið og senda myndbandsupptökur af vettvangsferðum. En nú eru ferðalög aftur leyfð á milli landa og þrjátíu manna hópur frá Finnlandi og Noregi var nýbúinn að vera í heimsókn í skólanum þegar matsmenn komu í heimsókn.

Sérstaða skólans fellst einnig í því að vera staðsettur í sama húsnæði og Nýheimar þekkingarsetur sem hefur leitt til mikils samstarfs þar á milli sem nýtist starfsfólki skólans og ekki síður nemendum í námi sínu. Nemendur taka þátt í vettvangsferðum á sviði náttúrufræða, birkirannsóknnum á Skeiðarársandi, jöklarannsóknarferðum og fuglatalningum. Kennarar fá einnig gesti frá þekkingarsetrinu í kennslustundir og nemendur leita til vísindamanna um aðstoð við aðferðafræði rannsókna í sínum lokaverkefnum. Einnig er listasafn staðsett í Nýheimum sem nýtist vel í kennslu og námi í listgreinum. Nýlega gerði Anna Guðrún Edvardsdóttir eigindlega rannsókn á „hvaða hátt samfélagsleg gildi og orðræða hefur áhrif á frammistöðu og líðan drengja í því samfélagi sem þeir búa í og hvernig það birtist í námsgengi þeirra, líðan og framtíðaráformum“ (2021, bls. 3). Þessi vinna er gagnleg fyrir skólann og skólasamfélagið í heild sinni því hún varpar ljósi á áhrif vinnuvenningar í samfélaginu og kynhlutverka, á væntingar og hegðun drengja og skýrir m.a. áherslu þeirra á að vinna með námi og að fara í iðnnám. Í viðtölum og rýnihópum starfsfólks Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og Nýheima kom fram mikil ánægja með þetta samstarf við Nýheima og telur fólk það nýtast báðum aðilum vel.

Námsgögn

Inna, upplýsingakerfi framhaldsskólanna er nýtt fyrir almennar upplýsingar um skólastarfið, innritun, námsframvindu og viðveru nemenda. Moodle er námsvefur Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu sem er nýttur fyrir kennsluáætlanir, verkefni og próf. Kennarar eru nokkuð ánægðir með Moodle, það virkar þokkalega en þó er kvartað undan truflunum á nettengingu. Einnig er Teams nýtt í fjarkennslunni og var nýtt á tímum COVID19 fyrir kennslustundir þegar fjöldatakmarkanir voru í gildi.

Í rýnihópi kennara kom fram að kennarar leggja áherslu á að kennslubækur séu nýttar í öllum bóklefum áföngum og fagna kennarar aukningu í útgáfu á rafrænu efni. Kennsluáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans þar sem þekkingar- leikni- og hæfnimarkmið, námsgögn, yfirferð námsefnis og námsmat er tilgreint.

Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu sem jafnframt er bókasafn Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu er á neðstu hæð í Nýheimum. Bókasafnið er rúmgott og vel búið bókum og þar vinnur bókasafnsfræðingur sem veitir nemendum og kennurum skólans þjónustu. Þetta er skýrt dæmi um hagkvæmni þess að hafa skóla og þekkingar- og menningarsetur í sama húsnæði, Nýheimum. Bókasafnið sér einnig um bóksölu námsbóka því engin bókabúð er á Höfn. Nemendur í rýnihópi kvörtuðu yfir háu bókaverði og kalla eftir skiptibókamarkaði á námsbókum.



Mynd 5 Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu

Stuðningur við nemendur

Við skólann starfar námsráðgjafi sem er í námi í náms- og starfsráðgjöf en með menntun í sálfræði og uppeldis- og kennslufræði. Hvatning frá skólameistara og möguleiki á að taka fjarnám í náms- og starfsráðgjöf vegna áhrifa COVID19 faraldursins varð til þess að hún hóf námið með vinnu. Námið gefur henni mikilvægan aðgang að samfélagi náms- og starfsráðgjafa. Hún hefur góða þekkingu á starfi grunnskólans þar sem hún vann áður en hún kom til starfa við skólann fyrir þremur árum. Nemendur eru ánægðir með aðgengi sitt að og þjónustu námsráðgjafa.

Í kjölfar þess að skólinn mældi aukið brottfall skólaárið 2016 til 2017 var sett af stað markviss vinna við að finna leiðir til að minnka brottfall nemenda. Meðal annars var umsjónarkerfið með nemendum endurnýjað. Einn umsjónarkennari var settur yfir hverja braut en síðan var sérstakur umsjónarkennari með fjarnemendum og annar sem jafnframt er áfangastjóri gerður að umsjónarkennara útskriftarnemenda af stúdentsbrautum. Samhliða þessu var formlegt samráð og samskipti við foreldra aukin. Við innritun í FAS við lok grunnskóla voru skipulögð viðtöl við nemendur og foreldra þeirra á meðan á umsóknarferlinu stóð og síðan við lok innritunar í júní. Fastir fundir með foreldrum voru settir niður í dagatal skólans og annan hvern föstudag fer skeyti frá umsjónarkennurum til foreldra um áherslur í námi og skólastarfi. Eftir miðannarmat tekur námsráðgjafi viðtöl við þá nemendur sem ná ófullnægjandi árangri í tveimur áföngum eða fleiri.

Umsjónarfundir eru haldnir tvisvar í mánuði. Ræddar lausnir og stefnumótun t.d. mætingarreglur. Nemendum í meiri vanda en umsjónarkennari getur leyst er vísað til náms- og starfsráðgjafa. Námsráðgjafi, áfangastjóri og umsjónarkennarar fara yfir mál einstakra nemenda, verklag, vandamál með mætingu, miðannarmat og send eru bréf til foreldra. Náms- og starfsráðgjafi telur miður að náms- og starfsráðgjöf hafi minnkað mikið síðan lífsleikniáfangar voru lagðir niður.

Inntökuviðtöl áfangastjóra og náms- og starfsráðgjafa eru tekin við alla 10. bekkinga úr grunnskóla að vori eftir innritun í Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Þar er rætt um námsval og langtímanámsplan hvers nemanda og einnig áhugasvið og námsvanda, ef hann er til staðar. Þá er rætt um hvaða stuðningur er nauðsynlegur svo hægt sé að móta úrræði strax. Þetta verklag gerir það að verkum að þau geta undirbúið komu nýnema úr grunnskóla vel fyrir haustið og gott samstarf er við grunnskólann um yfirfærslu á öllum nauðsynlegum gögnum nemendanna.

Styrkleikar

- Fjölbreytt námsframboð og sveigjanlegt námsframboð sem mætir þörfum nemenda og nærsamfélagsins
- Skýr stefna um námsmat byggt á símati og leiðsagnarmati
- Fjarkennsla eðlilegur hluti skólastarfsins
- Umsjónarkerfi sem heldur vel utan um nemendur
- Skólanámskrá í einu skjali á heimasíðu skólans
- Kennsluáætlanir aðgengilegar á heimasíðu skólans
- Faglegt sjálfstæði kennara í starfi
- Umfangsmikið erlent samstarf beintengt skólastarfinu og þörfum nærsamfélagsins
- Samstarf við Nýheima þekkingarsetur

Tækifæri til umbóta

- Fjölga kennurum í fjallamennsku með kennsluréttindi
- Finna þarf leiðir til að gera kennsluréttindanám í fjarnámi aðlaðandi fyrir starfandi kennara í fjallamennsku og vélstjórn í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Háskóla Íslands
- Kynna kennslufræði Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellsýslu á heimasíðu skólans og í tímaritum um skólamál
- Auka náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur
- Halda áfram að finna leiðir til að minnka brotthvarf nemenda
- Hvetja kennara áfram til þátttöku í starfsþróunarverkefnum t.d. Menntafléttu

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Skólabragur og líðan

Skólabragurinn er góður og afslappað yfirbragð yfir öllum, nemendum og starfsfólki. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að bæði nemendum og starfsfólki líður vel í skólanum. Í staðnámi eru milli 60 til 70 nemendur svo nándin er mikil. Starfsfólk var sammála um að andinn meðal nýnema að hausti byggðist mikið á hópnum sem væri að koma upp úr grunnskóla. Þetta haustið kom mjög lifandi og samstæður hópur úr grunnskóla í skólann sem setti um leið svip á allt skólastarfið. Stærsti hluti 10. bekkjar grunnskólans kemur í skólann en alltaf fara einhverjir annað. Skólinn hefur gott orð á sér í samfélaginu og leggur sig fram um að koma til móts við alla nemendur.

Allir nýnemar sem sækja um í skólann fara í inntökuviðtal með forráðamönnum sínum að vori. Í viðtalinu fara áfangastjóri og námsráðgjafi yfir langanir og væntingar nemenda og við hverju þau geta búist í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu. Farið er yfir þarfir nemandans, valdir áfangar fyrir fyrstu önnina og gerð áætlun til lengri tíma. Þetta viðtal nýtist báðum aðilum vel og gerir skólanum mögulegt að undirbúa sig fyrir komu hvers nemandans þó svo að áætlanir nemandans geti breyst þegar á skólagönguna líður.

Ekki er fylgst með líðan nemenda jafnt og þétt með könnunum eða með Framhaldskólapúlsinum. Hins vegar eru stundum settar inn spurningar um líðan nemenda í kennslumati sem lagt er fyrir reglulega. Treyst er á inntökuviðtalið í upphafi náms, mikla nánd milli nemenda og starfsmanna í skólanum og einnig nærumhverfinu. Kannanir Skóla og greiningar á líðan ungs fólks í framhaldsskólum eru framkvæmdar reglulega og hefur skólinn einnig látið vinna sérstakar skýrslur um nemendur skólans. Þrátt fyrir smæð skólans og mikla nánd þyrfti skólinn þó að gera kannanir eða finna mælitæki sem gæfi þeim betri upplýsingar um líðan nemenda jafnt og þétt á meðan á námi stendur.

Á tímum COVID19 lokana var gripið til ráðstafana til þess að halda nemendum að námi og minnka félagslega einangrun þeirra þegar hefðbundið skólahald var ekki mögulegt. Búnir voru til fimm bekkir í húsi

sem byggðu á stöðu nemenda í námi. Skapaði þetta skipulag góða námshópa og samheldni. Tókst vel en hefur dalað eftir að COVID19 lokanir minnkuðu og hurfu. Þessar ráðstafanir virðast hafa aukið samheldni, jafningjastuðning og einbeitingu sem minnkaði m.a. mælanlegt brottfall úr áföngum. Í framhaldi af þessu er skólinn að huga að því hvort nýta mætti þessa reynslu í skólastarfi að loknu COVID19.

Í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir skólaárið 2020 til 2021 er vitnað í skýrslu til skólans um nýjustu rannsókn Ungt fólk í framhaldsskólum. Jákvætt er að samkvæmt niðurstöðum þessa árs virðist engum nemanda í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellsýslu finnast námið tilgangslaust og eins og segir í sjálfsmatsskýrslunni „leiðist nemendum skólans minna en nemendum á landsvísu.“ Einnig er mjög jákvætt að nemendur skólans upplifðu minni streitu en almennt og að 80% nemenda töldu sig fá þann stuðning í náminu sem þurfti frá kennara. Enn stærri hluti eða 87% töldu bein samskipti við kennara góð. Í heild má segja að nemendur gefa viðbrögðum skólans við álagi á tímum COVID19 góða einkunn. Viðbrögð skólans til þess að draga úr neikvæðum áhrifum af COVID19 virðast því hafa skilað sér vel til nemenda. Ýmislegt fleira kemur fram í niðurstöðum rannsóknarinnar sem áhugavert væri að fá nánari greiningu á í sjálfsmatsskýrslu með samanburði við rannsóknir fyrri ára.

Félagslíf nemenda

Nemendastjórn NEMFAS er skipuð þremur nemendum og þetta árið er stjórnin skipuð tveimur körlum og einni konu. Nýja stjórnin fyrir næsta skólaár er hins vegar skipuð tveimur konum og einum karli. Í viðræðum við nemendur kom fram að þau telja að kynjajafnrétti ríki í starfi nemendafélags skólans og starfi skólans almennt. Nemendur og nemendafélagið hafa til afnota svæði á efri hæð skólans. Nemendur tala þó um að stækka þurfi og bæta félagsaðstöðuna og eru slíkar áætlanir í undirbúningi með skólameistara. Kennari við skólann er félagsmálafulltrúi og í miklu samstarfi við nemendur en námsráðgjafi er forvarnarfulltrúi skólans.

Stjórnendur skólans hafa unnið að því í samstarfi við nemendur að halda félagsstarfi nemenda lifandi. Eitt af því sem vinnur með því er að nemendur geta fengið einingu fyrir að vera í klúbbum sem nemendafélagið rekur. Fá þau eina einingu á önn ef þau eru virk í klúbbi en tvær ef þau taka að sér formennsku. Stjórn nemendafélagsins fær einnig einingar fyrir félagsstörf. Virkur og duglegur formaður getur fengið þrjár einingar fyrir veturinn. Á þessu skólaári voru starfræktir fimm klúbbar og stóðu þeir fyrir virku starfi með ýmsum viðburðum í samvinnu við stjórn NEMFAS. Þó COVID19 hafi sett nemendafélögum miklar skorður undanfarin ár héldu nemendur vel heppnaða árshátíð nú á vorönn þegar takmörkunum var aflétt. Áhersla skólans á klúbbastarf hefur greinilega áhrif til góðs á félagslíf nemenda. Í vetur var sett upp sérstaklega vel

heppnuð leiksýning þar sem nemendur sáu um leik og flest alla aðra þætti sýningarinnar s.s leikmynda- og tónlistarhönnun. Sýningin naut vinsælda og fékk góða aðsókn úr sveitarfélaginu. Nemendur skólans tóku einnig þátt í Gettu betur og Ólympíuleikum nemenda á Akureyri.

Staða forvarnarmála í skólanum er svipuð að meðaltali hjá öðrum framhaldsskólum. Daglegar reykingar mælast ekki og notkun rafretta fer minnkandi. Skólinn er fyrir ofan meðaltal í áfengisnotkun eldri nemenda en hún fer minnkandi. Skólinn bað Rannsóknir og greiningu að gera sérstaka úttekt m.t.t. þessara þátta í síðustu könnun og eru þær niðurstöður lagðar til grundvallar áframhaldandi vinnu skólans á þessu sviði.

Önnur samskipti

Samskipti við foreldra/forsjáraðila yngri nemenda eru stöðug yfir önnina. Hálfsmánaðarlega fá forráðamenn upplýsingar frá umsjónarkennurum um stöðu nemenda. Miðannarmat er einnig unnið á hverri önn og megin regla að ef nemandi fær tvær umsagnir þar sem frammistaða eða námsframvinda er talin óviðunandi er boðað til fundar með forráðamönnum til þess að reyna að rétta af kúrsinn. Virkt foreldrafélag er ekki starfandi við skólann en stjórnendur hafa á stefnuskrá sinni að reyna að virkja foreldra betur svo foreldraráð verði að raunveruleika. Eins og í fleiri smærri sveitarfélögum berast allar stærri ákvarðanir hratt í samfélaginu svo skólastjórnendur hafa ekki talið foreldraráð eins áriðandi og í stærri skólum. Stuðningur og aðhald frá foreldrafélagi er hins vegar mikilvægur þáttur í skólastarfi og matsmenn telja að þar þurfi að bæta úr.

Skólinn er í góðu samstarfi við grunnskóla á upptökusvæðinu og birtist það einna skýrast í góðu samstarfi við lok grunnskóla og góðum skilum á milli skólastiga.

Starfsmenn skólans eiga einnig í miklu óformlegu samstarfi við aðra framhaldsskóla á svæðinu. Sem dæmi komu starfsmenn stoðbrautar FÍV síðastliðið haust og deildu þekkingu sinni á kennslu á starfsbraut FÍV til kollega sinna á Höfn. Námsráðgjafi skólans er vel tengd inn í faghóp náms- og starfsráðgjafa bæði í nágrenninu sem á landsvísu.

Skólinn tekur þátt í samstarfi tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni sem bjóða upp á fjarnám í gegnum Fjarmentaskólann. Eins og segir á heimasíðu Fjarmentaskólans er markmið samstarfsins að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og landinu öllu. Þetta samstarf nýtist bæði nemendum skólanna og skólunum sem geta þá haldið úti kennslu áfanga sem annars væru of fámennir.

Skólinn nýtir vel tækifærin sem náinn samgangur við þekkingarsetur Nýheima gefur. Þátttöku nemenda skólans í ýmsum verkefnum s.s. árlegum gróðurrannsóknum, jöklarannsóknnum og fuglatalningum. Einnig

er hægt um vik fyrir nemendur að leita til háskólamenntaðra starfsmanna Þekkingarsetursins þegar leita þarf að heimildum í verkefnum og ritgerðum. Starfsmenn þekkingarsetursins eru því góð fyrirmynd um ýmsa möguleika sem háskólanám gefur.

Skólinn tekur virkan þátt í erlendu samstarfi. Eðlilegur hluti af skólastarfinu eru nemendaskipti og sendir skólinn nemendur út og tekur við hópum að utan.

Lítið sem ekkert samstarf er beint við skóla á háskólastigi. Matsmenn telja að úr því þurfi að bæta.

Styrkleikar

- Góður skólabragur
- Samheldinn nemendahópur
- Upplýsingar um framvindu í námi berast jafnt og þétt til foreldra/forsjáraðila yfir önnina
- Auðvelt fyrir foreldra/forsjáraðila að fylgjast með námi barna sinna undir 18 ára aldri
- Mikil samheldni í litlu samfélagi þar sem upplýsingar berast hratt
- Góður aðgangur að samstarfi og fyrirmyndum í þekkingarsetinu Nýheimum
- Mikið erlent samstarf með þátttöku nemenda og kennara
- Góður stuðningur kennara og stjórnenda við félagslíf nemenda

Tækifæri til umbóta

- Stofnun virks foreldrafélags
- Stækka þyrfti aðstöðu nemendafélags
- Fylgjast þarf kerfisbundið með líðan nemenda
- Auka forvarnir vegna áfengis og vímuefna
- Auka samstarf við háskóla

Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Húsnæði og búnaður

Skólinn er til húsa í byggingu Nýheima sem einnig hýsir þekkingarsetrið sem er formlegur samstarfsvettvangur sjálfstæðra stofnana á sviði vísinda, og Menningarsetur Hornafjarðar en hluti af því er Bókasafn Hornafjarðar. Byggingin er opin og björt og þegar inn er komið setur bókasafnið mikinn svip á húsnæðið sem og opið rými sem hýsir m.a. matsölu skólans. Starfsemi skólans er í hluta af Nýheimum en einnig í nálægum húsum (listahlutinn).

Skólinn flutti í þetta húsnæði nýbyggt árið 2002 en hafði fram að því verið staðsettur í byggingum fyrir utan bæinn að Nesjum. Mikil og jákvæð breyting fylgdi því að flytja skólastarfið inn í Höfn. Ekki kannski síst þátttaka skólans í uppbyggingu þekkingarsamfélagsins Nýheima.

Í dag uppfyllir húsnæði skólans hins vegar ekki þarfir skólans. Mikil þörf er á því að byggja fyrir skólann húsnæði sem hentar nýjum kennsluháttum, nýjum áherslum á list- og verklegri kennslu og nýsköpunarnámi, félagsaðstöðu nemenda og síðast en ekki síst vaxtarbroddi skólans námi í fjallamennsku. Fjallamenskunámið þarf aðstöðu til kennslu í óhefðbundnum námsgreinum en ekki síst aðstöðu fyrir geymslu og umhirðu á búnaði sem fylgir slíku námi.

Ekki er sérstakt líkamsræktarhús við skólann en íþróttahús í nágrenni skólans og nýtist það skólanum ágætlega og er að mati stjórnenda fullnægjandi.

Listnámshúsnæðið, “Vöruhúsið” er spölkorn frá skólanum og er í húsnæði sem einnig er á vegum sveitarfélagsins og er samnýtt af ýmsum hópum í bænum. Þó húsnæðið sé að mörgu leyti skemmtilegt og þar sé ágætlega útbúin Fab Lab smiðja veldur þessi samnýting því að húsnæðið nýtist ekki skólanum sem skyldi. Dæmi um það eru ýmsar umgengnisreglur sem ekki henta kennslu í sjónlistum og einnig að í lok

dags þarf húsnæðið að vera tilbúið fyrir aðra notkun en skólastarf. Það kallar oft á mikla auka vinnu við tilfæringar á verkefnum í vinnslu.

Í viðtölum kom fram að kennarar eru ánægðir með vinnuaðstöðuna sína og að vel sé brugðist við beiðnum þeirra um það sem þá vanhagar um. Hugað er að því að stólar, borð og annar aðbúnaður sé þægilegur og heilsueflandi. Kennarar segjast hvattir til þess að kynna sér og nýta nýjustu tækni eins mikið og mögulegt er á hverjum tíma.

Starfsfólk er ánægt með tölvur og annan búnað. Kerfisstjórinn, sem er í 30% starfi við skólann, telur skólann í framsæknari kantinum í tæknimálum. Þau hafi t.d. verið fljót að taka upp þráðlausa skjávarpa og nýta sér möguleika fjarfunda um netið. Áhersla skólans sé á að kaupa tæki sem endist frekar en það ódýrasta. Búnaðurinn ekki kannski sá nýjasti en er í ágætu standi. Ekki eru fastar tölvur í kennslustofum heldur nýta kennarar vinnutölvur sínar. Venjulega eru endurnýjaðar þrjár til fjórar starfsmannavélar á ári. Engin kennaratölva er meira en fjögurra ára. Eldri tölvur eru svo nýttar í annað t.d. geta nemendur fengið lánaðar tölvur þegar þá vantar. Engar formlegar nemendavélar eru í skólanum núna enda komi nemendur með sín tæki að heiman. Auk þes séu öll kerfi skólans aðlöguð notkun í sínum sem dugi oft vel. Þar sem kerfisstjóri er aðeins í þriðjungs starfi er aðgangur að tæknimanni ekki eins mikill og kennarar og nemendur hefðu viljað. Kerfisstjóri stofnar nemanda í gegnum allt kerfið, flytur úr Innu í kerfi skólans, moodle og menntaskýið. Áfangastjóri getur hins vegar aðstoðað við allt sem tengist aðgangi að kerfum sem skólinn notar s.s. Innu og Menntaskýið. Nettenging til Hornafjarðar og um leið nettenging við menntaskýið (útlönd) er ekki alltaf eins og best verður á kosið og veldur það á köflum vandræðum í skólastarfinu.

Skólinn rekur mötuneyti sem sér um allan mat sem tilheyrir skólanum og allt húsið ef þarf. Matráðurinn sér um innkaup, eldun og frágang. Almenn ánægja er með störf hennar og hefur hún endurtekið verið kosin vinsælasti starfsmaðurinn. Aðstaðan er í móttökueldhúsi á neðri hæð hússins. Þegar hún tók við mötuneytinu fyrir fjórum árum var tækjakostur bættur en þar sem einungis var gert ráð fyrir að reka móttökueldhús er aðstaðan mjög þröng og lítil. Maturinn sem hún býður nemendum er blanda af venjulegum heimilismat og unglíngavænni mat s.s. hamborgurum og pítsum. Nemendur geta verið í áskrift að hafragraut og/eða hádegismat eða keypt 10 miða klippikort. Tveggja vikna matseðill er alltaf fyrirliggjandi á netinu og útprentaður fyrir framan matsöluna. Um 20 til 30 nemendur nýta sér mötuneytið að staðaldri. Þjónustan nýtist einnig vel þegar tekið er á móti erlendum nemendahópum en skólinn er í miklu erlendu samstarfi. Almenn ánægja er meðal nemenda með þessa þjónustu. Greinilegt var að í hádeginu er mötuneytið félagslegur miðpunktur. Það nýtist einnig öðru starfsfólki í Nýheimum.

Bókasafnið er sameiginlegt með sveitarfélaginu og er ágætlega búið bókum og þar vinnur bókasafnsfræðingur, nemendum og kennurum til aðstoðar. Þar sem ekki er bókabúð í bænum sér skrifstofu- og fjármálastjóri um innkaup á þeim bókum sem þarf við námið og bókasafnið sér um að selja bækurnar.

Styrkleikar

- Gott aðgengi nemenda að hollum mat
- Vel staðsett skólahúsnæði í hjarta bæjarins
- Fjölbreytt og vel útbúið bókasafn
- Góð vinnuaðstaða kennara
- Vel útbúnaðar kennslustofur

Tækifæri til umbóta

- Byggja við skólann húsnæði sem hentar námi í fjallamennsku
- Byggja við skólann húsnæði sem hentar fyrir kennslu listgreina
- Bæta aðstöðu nemenda utan sameiginlegra rýma

Umfjöllun um lykilárangur


Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólstarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólstarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Námsárangur

Mat á árangri skólstarfsins má m.a. mæla út frá tölulegum mælikvörðum um brottfall og námsárangur nemenda.

Brottfall skilgreinir skólinn sem hlutfall þeirra nemenda sem klára lokamat í áfanga af heildarfjölda nemenda sem skráðir eru í áfangann í upphafi annar. Eins og sjá má í töflu 7 í þessari skýrslu fór brottfall lækkandi að meðaltali á skólaárunum frá 2017 til 2020 úr 21,5% í 8,5% en hækkaði aftur 2021 í 17%. Gripið var til ýmissa aðgerða 2017 til að minnka brottfall sem skiluðu árangri, meðal annars var umsjónarkerfið með nemendum endurnýjað, formlegt samráð og samskipti við foreldra aukin og eftirfylgni námsráðgjafa aukin með nemendum sem standa illa í miðannarmati. Brottfall hækkaði aftur 2021 og er það tengt við brottfall nemenda í einstökum áföngum í fjarnámi sem gætu verið afleiðingar af COVID19 og vonast fólk eftir að sjá aftur lækkun á brottfalli 2022 en mikilvægt er að skólinn haldi áfram að þróa leiðir til a minnka brottfall nemenda. Skólinn þyrfti einnig að kanna t.d. með símtölum við nemendur hvort þeir nemendur sem hætta í skólanum haldi áfram, nú eða síðar, skólagöngu annars staðar þ.e. hvort um eiginlegt brotthvarf úr framhaldsskóla sé að ræða eða ekki. Sjá nánari skilgreiningu og umfjöllun um brotthvarf nemenda á framhaldsskólastiginu í nýrri skýrslu Kolbeins Hólmars Stefánssonar og Helga Eiríks Eyjólfssonar fyrir Velferðarvaktina (2022).

Í sjálfsmatsskýrslum, sjá mynd 6 á næstu blaðsíðu, er sýnd þróun meðaleinkunnar áfanga á önn og hefur meðaltal einkunna síðastliðin fjögur ár verið frá 7 til 7,5 en fyrir það var meðaleinkunn frá 6 til 7. Meðaleinkunn hækkaði eftir að skólinn tók upp símat 2016 og er sú reynsla í samræmi við reynslu fleiri skóla sem hafa hætt með lokapróf og tekið upp símat.



Mynd 6 Meðaltal einkunna í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu 2016-2021

(Sjálfsmatsskýrsla 2020-2021, 2021)

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta eru læsi, tjáning og samskipti, sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sjálfbærni (2011). Samkvæmt skólanámskrá er leitast við að tvinna grunnþætti menntunar inn í verkefnavinnu nemenda í öllum námsgreinum. Ekki hafa verið gerðar sérstakar mælingar á hæfni nemenda tengdum grunnþáttum menntunar en skólinn metur það svo að nemendur hafi tileinkað sér þá og styðja matsmenn þá niðurstöðu. Það er gert út frá þeim áherslum sem skólinn leggur á grunnþættina, lýsingum í rýnihópum á starfsemi skólans og sýnileika þeirra í námskrá og daglegu starfi.

Áhersla er á læsi, samskipti og sköpun í fjölbreyttri verkefnavinnu nemenda í öllum námsgreinum. Námsframboðið er mjög fjölbreytt og á stúdentsbrautum er hægt að velja hefðbundið bóknám í félagsvísindum og náttúruvísindum en einnig sérhæfingu í listgreinum, íþróttum, fjallamennsku og hestamennsku. Allir nemendur taka áfanga í list- eða verkgrein sem sýnir áhersluna á sköpun í náminu og eins í auðlinda- og umhverfisfræði sem sýnir áherslu skólans á sjálfbærni. Einnig eru ýmis verkefni í samvinnu við Nýheima þekkingarsetur á sviði náttúrufræða og erlend Erasmus+ og Nordplus samstarfsverkefni sem stuðla að meðvitund nemenda um mikilvægi umhverfisverndar og sjálfbærni. Árið 2020 var lýðræði í skólanum tekið fyrir á skólafundi með öllum nemendum skólans og rætt í hópum og

niðurstöður birtar í sjálfsmatsskýrslu. Niðurstöður voru jákvæðar og telja nemendur skólastarfið og starf nemendafélagsins lýðræðislegt. Á skólafundi 2021 var rætt um hreyfingu, næringu, geðheilbrigði og kynheilbrigði. Mikil ánægja er með mótuneyti skólans og þeirri fjölbreyttu fæðu sem þar er í boði en nemendur telja að það mætti auka úrval ávaxta og grænmetis. Hópurinn er ánægður með þá geðheilbrigðisþjónustu sem er í boði en vill fá aukna fræðslu um kynsjúkdóma, getnaðarvarnir og tíðahring kvenna. Þessir umræðufundir sýna áherslu skólans á lýðræðisleg vinnubrögð en gefa mætti fjarnemendum tækifæri til þátttöku á þessum fundum sem og starfi í sjálfsmatshópi og skólaráði skólans. Á vorönn 2021 var boðið upp á nýjan áfanga, Jákvæð heilsuefling þar sem kennt er jóga og núvitund og jákvæð sálfræði kynnt.

Langtímaárangur

Það hafa ekki verið gerðar kannanir á námsgengi brautskráðra nemenda við skólann eða könnuð afdrif þeirra í framhaldsnámi og atvinnu og heldur ekki gerð könnun á viðhorfum nemenda til þess hvernig námið við skólann hefur nýst þeim. Stefnt er að því að setja saman rýnihóp fyrrverandi nemenda sem eru í háskóla og búnir með háskóla til að ræða um hvernig námið nýtist. Skólameistari vill að kannanir um afdrif nemenda séu gerðar á landsvísu en svo er ekki þannig að skólinn þarf nauðsynlega að gera úrbætur á þessu. Gera þyrfti reglulega ítarlegri könnun á því bæði með gögnum frá Hagstofu Íslands og ítarlegri könnun sem náir til sem flestra útskrifaðra nemenda.

Skólinn leggur áherslu á að laga sig að breyttum kröfum í samfélaginu og hefur gert það til dæmis með þróun nýrra námsbrauta tengdum þróun atvinnulífsins í nærsamfélaginu þ.e. fjallamennsku, þróun nýrra námsáfanga, erlendum samstarfsverkefnum á sviði ferðamennsku og náttúruverndar, þátttöku í grænum skrefum í ríkisrekstri og kennslu í FAB LAB smiðju.

Styrkleikar

- Brottfall nemenda hefur minnkað
- Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi í skólastarfinu
- Þróun námsins t.d. í fjallamennsku er í beinum tengslum við þarfir atvinnulífsins í nærsamfélaginu

Tækifæri til umbóta

- Fjalla mætti um þróun útskriftarhlutfalls í sjálfsmatskýrslu
- Tengja fjarnemendur betur inn í skólastarfið
- Auka mætti tengsl við háskóla m.a. í þeim tilgangi að fá upplýsingar um námsgengi nemenda á háskólastiginu
- Gera mætti reglulega ítarlega könnun meðal brautskráðra nemenda um afdrif þeirra og viðhorf þeirra til þess hvernig námið nýtist þeim í frekara námi og í atvinnulífinu

Heimildir

- Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík.
- Aðgerðaáætlun Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu í framhaldi af síðasta ytra mati.
- Anna Guðrún Edvardsdóttir. (2021). Staða og líðan ungra karlamanna í landsbyggðarsamfélagi. Nýheimar þekkingarsetur og Sveitarfélagið Hornafjörður. <https://nyheimar.is/wp-content/uploads/2022/03/Stada-og-lidan-ungra-karlmanna-i-landsbyggdarsamfelagi-lokaskyrsla.pdf>
- Ársskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu 2020. https://www.fas.is/wp-content/uploads/2021/10/Arsskyrsla_FAS_2020.pdf
- Ársskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu 2019. <https://www.fas.is/wp-content/uploads/2020/10/Arsskyrsla-2019.pdf>
- Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2016). Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu. Úttekt unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. https://www.fas.is/wp-content/uploads/2017/10/framhaldsskolinn_i_austur-skaftafellssyslu_uttekt_a_starfsmi_2016.pdf
- Gísli Einarsson. (2022). Kennslustofurnar uppi á jökulum og innan um ísjaka. Myndband úr Landanum á RÚV 19. apríl 2022. <https://www.ruv.is/frett/2022/04/19/kennslustofurnar-uppi-a-joklum-og-innan-um-isjaka>
- Kolbeinn H. Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfson. (2022). Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. Velferðarvaktin. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Sk%c3%bdsla%20-%20brotthvarf%20%c3%bar%20framhaldssk%c3%b3lum%2024.01.2022.pdf>
- Lög um framhaldsskóla. Nr. 92 12. júní 2008. (2008). Reykjavík: Alþingi. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>
- Mynd á forsíðu skýrslunnar er fengin á heimasíðu mennta- og barnamálaráðuneytis, auglýsing 29. 3. 2022 <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/03/29/Umsaekjendur-um-embattiskolameistara-Framhaldsskolans-i-Austur-Skaftafellssyslu/>
- Rýnihópaviðtöl voru tekin við kennara, nemendur, starfsfólk sem sinnir skrifstofu, fjármálum, kerfisstjórn og mötuneyti, fulltrúa kennara og nemendur í fjallamennsku, kennara með umsjón með erlendu samstarfi, kennara í listnámi, formann og fulltrúa úr stjórn nemendafélags, félagsmálafulltrúa og forvarnarfulltrúa og við sjálfsmatshóp Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og fulltrúa frá Nýheimum þekkingarsetri (5. og 6 apríl 2022).

- Sigrún Gunnarsdóttir, 2011. Þjónandi forysta. Glíman. <https://thjonandiforysta.is/wp-content/uploads/2015/01/Sigrun-Gunnarsdottir-Grein-Gliman-2011-1.pdf>
- Sjálfsmatsáætlun Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu 2021-2023.
- Sjálfsmatsskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu 2020-2021. <https://www.fas.is/wp-content/uploads/2021/10/Sja%CC%81lfsmat-20-21.30.09.pdf>
- Sjálfsmatsskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu 2019-2020. <https://www.fas.is/wp-content/uploads/2020/10/Arsskyrsla-2019.pdf>
- Skipurit Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. <https://www.fas.is/skolanamskra/skipulag-og-stjornun/skipurit/>
- Skóladagatal Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu 2021-2022. file:///C:/Users/35489/Documents/Ytra%20mat/FAS%20Framhaldssk%C3%B3linn%20%C3%AD%20Austur-%20Skaftafellss%C3%BDslu/%C3%9Dmis%20g%C3%B6gn/Skoladagatal_21-22.pdf
- Skólanámskrá Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Almennur hluti. <https://www.fas.is/wp-content/uploads/2020/02/FAS-Sk%C3%B3lan%C3%A1mskr%C3%A1-01.pdf>
- Stefnuskjal Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- Tölulegar upplýsingar frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Ungt fólk. Lýðheilsa framhaldsskólanema. Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2020. Unnið fyrir Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. (2020). Reykjavík: Rannsóknir og greining
- Valgerður S. Bjarnadóttir og Guðrún Ragnarsdóttir. (2021). „Við skiptum máli fyrir samfélagið“. Samfélagslegt mikilvægi og flókin samkeppnisstaða tveggja framhaldsskóla í dreifðum byggðum. *Tímarit um uppeldi og menntun*. 30(2). 2021. 67-87.
- Vefur Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu <https://www.fas.is/>
- Viðtöl voru tekin við skólameistara, kennslustjóra, námsráðgjafa og formann skólanefndar Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og forstöðukonu Nýheima. (5. og 6. apríl 2022).